

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

**Barnvæn sveitarfélög:
Lokaskýrsla Garðabæjar**

Nóvember 2025



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framkvæmd aðgerða	4
FRÆÐSLA.....	5
Aðgerð 1 Réttindafræðsla til nemenda í grunnskólum	5
Aðgerð 2: Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann	8
Aðgerð 3 Barnasáttmállinn á leikskólastigi	11
Aðgerð 4 Hinsegin fræðsla	12
STJÓRNSÝSLA.....	13
Aðgerð 5 Yfirfara stefnur bæjarfélagsins.....	13
Aðgerð 6 Miðlun upplýsinga á fleiri tungumálum	15
Aðgerð 7 Barnvænt hagsmunamat	16
Aðgerð 8 Verkefna- og umsjónaraðilar fyrir barnvænt sveitarfélag og ungmennaráð	17
Aðgerð 9 Samskiptasáttmáli	18
Aðgerð 10 Réttindafulltrúar Barnvæns sveitarfélags	20
Aðgerð 11 Barnvænt móttökurými fyrir félagsþjónustu og skólaþjónustu.....	21
Aðgerð 12 Verkefnisstjóri farsældar barna	22
RADDIR BARNA.....	23
Aðgerð 13 Efling ungmennaráðs	23
Aðgerð 14 Ungmennanæing.....	25
Aðgerð 15 Ábendingar til ungmennaráðs og bæjarins.....	26
Aðgerð 16 Málefnaþópar barna	28
Aðgerð 17 Raddir barna í skipulags- og umhverfismálum.....	29
Aðgerð 18 Barnvænir leikvællir	30
FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG VIRKNI	32
Aðgerð 19 Félagsstarf fyrir hinsegin börn	32
Aðgerð 20 Aukið félagsstarf fyrir 10-12 ára börn	33
Aðgerð 21 Efla sértækt forvarnastarf félagsmiðstöðva.....	34
Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla Garðabæjar.....	36
Skýrsla ungmennaráðs Garðabæjar	39

Inngangur

Í október 2020 skrifaði bæjarstjórn Garðabæjar undir samning um að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verða þannig hluti af verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Innleiðingarferlið var unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Verkefnið byggir á fimm grunnþáttum, sem eru leiðarstef í innleiðingunni allri. Þessir 5 grunnþættir eru:

- Þekking á réttindum barna
- Það sem barninu er fyrir bestu
- Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna
- Barnvæn nálgun

Tólf manna stýrihópur með þátttöku barna og ungmenna, fulltrúum sviða bæjarins og fulltrúm bæjarstjórnar var skipaður í lok árs 2020. Stýrihópurinn vann að kortlagningu og stöðumati þar sem var farið í greiningu á fyrirliggjandi gögnum um líðan, lífsskilyrði og réttindi barna sem og söfnun gagna sem ekki lágu þegar fyrir. Stöðumat stýrihópsins stóð yfir í lotum allt frá 2020 og fram yfir áramót 2023.

Samhliða og í framhaldi af stöðumatinu var unnið að aðgerðaáætlun Garðabæjar vegna innleiðingar á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Aðgerðaáætlun Garðabæjar 2020-2024 samanstóð af 21 aðgerð og var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 3. október 2024. Aðgerðirnar voru flokkaðar í 4 þætti er lúta að aukinni fræðslu, breytingum á stjórnsýslu, innleggi og röddum barna og félagslegri virkni. Á stöðumatstímanum og við vinnslu aðgerðaáætlunarinnar var hafist handa við margar aðgerðir og ýmsar áherslubreytingar hafa átt sér stað á grundvelli hugmyndafræði Barnvæns sveitarfélags.

Innleiðing á Barnasáttmálanum hefur heilt yfir gengið vel og öll svið bæjarins og stofnanir tengjast aðgerðunum í aðgerðaáætlun bæjarins með einum eða öðrum hætti. Á sama tíma og innleiðing Barnasáttmálans hefur verið í gangi í Garðabæ hefur mikil vinna átt sér stað í sveitarfélaginu við að fylgja eftir nýjum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Áhrif vinnu við innleiðingu Barnasáttmálans hefur skilað sér í meiri vitund og þekkingu á réttindum barna bæði meðal barna og ungmenna sem og hjá starfsfólki bæjarins. Þessari lokaskýrslu verkefnisins er ætlað að varpa ljósi á hvernig tókst til við innleiðinguna og að framkvæma þær aðgerðir sem Garðabær setti sér á innleiðingartímanum. Ungmennaráð Garðabæjar lýsir einnig reynslu sinni í sér kafla í skýrslunni.

Upplýsingar um verkefnið Barnvæn sveitarfélög og innleiðingu Garðabæjar má finna á undirsíðu á vef bæjarins.

Fylgiskjöl:

Innleiðing á verkefninu barnvænt sveitarfélag – Kortlagning og stöðumat 2021-2023

Aðgerðaáætlun Garðabæjar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2020-2024

Fræðsluáætlun Garðabæjar, fylgiskjal með aðgerðaáætlun Garðabæjar

Réttindi barna í leikskólum í Garðabæ – Innleiðing Barnvæns sveitarfélags veturinn 2022-2023, skýrsla RannUng og Garðabæjar

Samstarfssamningur Garðabæjar og Samtakanna '78, undirritaður í nóvember 2022.

Ársskýrsla ungmennaráðs Garðabæjar fyrir 2024.

Efni á vef Garðabæjar:

[Barnasáttmálinn – Barnvænt sveitarfélag](#), undirsíða

[Samskiptasáttmáli Garðabæjar](#), undirsíða

[Heimsmarkmiðin í Garðabæ](#), undirsíða

Framkvæmd aðgerða

Aðgerðaáætlun Garðabæjar 2020-2024 við innleiðingu á Barnasáttmálanum samanstóð af 21 aðgerð. Aðgerðirnar voru byggðar á niðurstöðum stöðumats og þeim var skipt upp í 4 þætti: Fræðsla, stjórnsýsla, raddir barna, félagsleg þátttaka og virkni.

Fyrir hverja aðgerð voru sett markmið, tenging við stöðumat, lýsing, ábyrgðaraðili/verkefnishópur, tímarammi, mæling og fjárþörf. Tekið var fram hvaða greinum Barnasáttmálans hver aðgerð tengdist sérstaklega og hvað grunnþættir Barnvæns sveitarfélags áttu við um hverja aðgerð. Jafnframt voru tilgreind þau heimsmarkmið sem tengdust hverri aðgerð. Aðgerðaráætlun Garðabæjar í heild sinni má sjá á vef Garðabæjar á [undirsíðu um innleiðingu Barnasáttmálans](#).

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir allar aðgerðir, stöðu aðgerðar og örskýringu.

	Aðgerð	Staða	Skýring/framhald
FRÆÐSLA	1. Réttindafræðsla til nemenda í grunnskólum	Lokið	Grunnskólar hafa sett markmið
	2. Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann	Lokið	78 % skv. áætlun
	3. Barnasáttmálinn á leikskólastigi	Lokið	Lokaskýrsla RannUng
	4. Hinsegin fræðsla	Lokið	Samningur endurnýjaður
	5. Yfirfara stefnur sveitarfélagsins	Lokið	Yfirfarið – nýjar uppfærðar með t.t. barnasáttmála
STJÓRNSÝSLA	6. Miðlun upplýsinga á fleiri tungumálum	Lokið	Bætt og framhaldið með nýjum vef Garðabæjar og stofnana
	7. Barnvænt hagsmunamat	Lokið	Unnið að formlegu mati
	8. Verkefna- og umsjónaraðilar fyrir barnvænt sveitarfélag og ungmennaráð	Lokið	Hlutverk og verkefni fest í sessi
	9. Samskiptasáttmáli	Lokið	Tilbúinn og unnið eftir
	10. Réttindafulltrúar Barnvæns sveitarfélags	Lokið	Réttindafulltrúar komnir í leik- og grunnskóla og helstu svið
	11. Barnvænt móttökurými fyrir félagsþjónustu	Lokið	Tilbúið til notkunar
	12. Verkefnisstjóri farsældar barna	Lokið	Verkefnastjóri ráðinn og innleiðing farsældar langt komin
RADDIR BARNNA	13. Efling ungmennaráðs	Lokið	Verulega bætt umhverfi
	14. Ungmennahúsið	Lokið	Var haldið 2023 og næst haust 2025
	15. Ábendingar til ungmennaráðs og bæjarins	Lokið	Í gegnum ungmennahúsið, rýnifundi, þátttöku í verkefnum og í gegnum samskiptamiðla
	16. Málefnaþing barna	Lokið	4 hópar – 2024-2025
	17. Raddir barna í skipulags- og umhverfismálum	Lokið	Tengt barnvænu hagsmunamati, rýnihópavinnu, Betri Garðabæ og ungmennaráði
FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA	18. Barnvænir leikvællir	Lokið	Um 40 leikvællir endurbættir
	19. Félagsstarf fyrir hinsegin börn	Lokið	Komið í skipulag félagsmiðstöðva
	20. Aukið félagsstarf fyrir 10-12 ára börn	Lokið	Búið að útfæra og 2 nýjar félagsmiðstöðvar stofnaðar
	21. Efla sértækt forvarnastarf félagsmiðstöðva	Lokið	Keyrt 2024 og 2025, og sumarstarf

Hér á eftir verður fjallað um hverja og eina aðgerð, farið yfir hvað fólst í henni og hvernig gekk að framkvæma aðgerðina.

FRÆÐSLA

Aðgerð 1 Réttindafræðsla til nemenda í grunnskólum

Markmið aðgerðarinnar var að réttindafræðsla til barna yrði fastur liður í starfi allra grunnskóla á vegum sveitarfélagsins og að fræðslan yrði fastmótuð og hluti af námsskrá skólanna.

Mæling aðgerðar fólst í að skólar myndu setja réttindafræðslu í starfsáætlanir og framkvæmt á árinu 2024-2025.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Aðgerðinni var ætlað að tryggja útbreiðslu á réttindafræðslu í grunnskólum bæjarins og yrði þar hluti af starfsemi skólanna og fastur liður í námsskrá þar sem hentaði best. Miðað var við að grunnskólarnir myndu setja sér markmið um réttindafræðslu á starfsárinu 2024-2025 og því var fylgt eftir með því að kalla eftir upplýsingum frá skólastjórum vorið 2025 um hvernig tókst til. Allir grunnskólar bæjarins höfðu fylgt eftir markmiðum aðgerðarinnar á síðastliðnu skólaári. Auk þess var aðgerðin líka kynnt sjálfstætt starfandi grunnskólum í Garðabæ þar sem skólastjórar voru hvattir til að kynna sér innleiðingu og vinnu með Barnasáttmálann. Einnig var haldin fræðsla um Barnasáttmálann í Vinnuskóla Garðabæjar fyrir flokkstjóra sem og fyrir nemendur á grunnskólaaldri í Vinnuskólanum.

Skóli	Réttindafræðsla til nemenda, markmið	Tímabil/ starfsáætlun/ ársskýrsla
Álftanesskóli	3. og 6. bekkur	2025-2026
Flataskóli, UNICEF réttindaskóli	3. bekkur og fleiri árgangar	2019 innleiðing og viðhaldið
Garðaskóli	8. bekkur og hluta til 9.b og 10.b	2025-2026 / samfélagsfræði
Hofsstaðaskóli	1.og 5. bekkur	2025-2026
Sjálandsskóli	4. bekkur, 6 vikna þema	Verið undanfarin ár.
Urriðaholtsskóli	1-7. bekk - þemavika	2025-2026 (Innleiðing 2023 allir)
<i>Aukalega:</i>		
Barnaskóli Hjallastefnunnar og	Verkefni kynnt	
Alþjóðaskólinn	Verkefni kynnt	
Vinnuskóli Garðabæjar	Egó, fræðslu- og forvarnardagskrá fyrir 8. bekk.	Sumar 2024 og 2025

Framkvæmd:

- Í stöðumati og við gerð aðgerðaráætlunar var markmiðið kynnt á formlegum fundum með skólastjórnendum grunnskóla í Garðabæ. Aðgerð um réttindafræðslu til nemenda í skólum hefur átt sér góðan aðdraganda og verið kynnt fyrir skólastjórum á skólastjórafundum og í heimsóknarfundum umsjónarmanns BVS (Barnvæns sveitarfélags) í skóla vegna verkefnisins á innleiðingartímanum.

Hér fylgir stutt samantekt frá hverjum grunnskóla Garðabæjar um hvernig til tókst.

Álftanesskóli (1.-10. bekkur)

Barnasáttmálinn tvinnast inn í ýmiskonar viðfangsefni og verkefni í skólanum, t.d. þegar unnið er með „Uppeldi til ábyrgðar“ (uppbyggingarstefnuna), „Samskiptasáttmála Garðabæjar“, bekkjarsamning og svo almennt á bekkjarfundum. Einnig hefur efni Barnasáttmálans tengst þemadögum skólans sem nefnast „Kærleikarnir“.

Fræðslan tengd Barnasáttmálanum verður fest beint í einum árgangi á yngsta stigi og einnig á miðstigi, í 3. bekk og 6. bekk. Plaköt með Barnasáttmálanum eru sýnileg á göngum skólans.

Flataskóli (1.-7. bekkur)

Flataskóli er viðurkenndur réttindaskóli UNICEF og skólinn var sá fyrsti á Íslandi ásamt Laugarnesskóla til að ná þeim áfanga árið 2017. Um leið fékk frístundaheimili skólans, Krakkakot, viðurkenningu sem fyrsta réttindafrístundin. Skólinn og frístundaheimilið fengu viðurkenningu í annað sinn árið 2019 og í þriðja sinn árið 2022. Fyrir liggur aðgerðaráætlun fyrir skólann og frístundaheimilið fyrir árin 2022-2025 og þegar aðgerðum þar verður lokið verður aftur sóst eftir endurmati og viðurkenningu. Aðgerðaráætlun Flataskóla byggir á niðurstöðum stöðumats og réttindaráð sem er skipað af hópi nemenda var einnig með í ráðum um aðgerðir og forgangsröðun þeirra. Aðgerðaráætlunin snýr að börnum, starfsfólki og öryggi og aðgengi. Réttindaskólaverkefnið skapar ramma utan um þau markmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla, grunnskólaölgum og Barnasáttmálanum um mannréttindi, jafnrétti og lýðræði.

The screenshot shows the website for Flataskóli Garðabæ. At the top, there is a navigation bar with links for Forsíða, Skólinn, Námið, Nemendur, Foreldrar, Stuðningur, Hagmynd, and Gardabær. Below the navigation bar, there is a large circular diagram with six segments, each containing a value: 'Eg get sett mig í þau annars', 'Eg held áfram að reyna', 'Eg veit hvernig á að vera málari', 'Eg veit hvernig á að vera málari', 'Eg veit hvernig á að vera málari', and 'Eg veit hvernig á að vera málari'. To the right of the diagram, there is a section titled 'SKÓLAREGLUR FLATASKÓLA' which states: 'eru byggðar á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og yfirheiti þeirra byggja á 3. greininni: Það sem barninu er fyrir bestu'. Below this, there is a section titled 'ÖLL BÖRN ERU JÖFN' which lists several principles of equality and non-discrimination. At the bottom, there is a section titled 'INNTRITUN Í GRUNNSKÓLA ER Í ÞJÓNUSTUGÁTT GARDABÆJAR'.

Mynd 1 Skjáskot af forsiðu vefs Flataskóla, flataskoli.is, þar sem skólareglur Flataskóla byggðar á Barnasáttmálanum eru í forgrunni.

Garðaskóli (8.-10. bekkur)

Í Garðaskóla hefur fagstjóri í samfélagsgreinum haft veg og vanda af fræðslutengdum þáttum er varðar heimsmarkmið og Barnasáttmálan. Barnasáttmálinn hefur verið tekinn fyrir sem þema og komið nokkuð í fast horf. Það er mat starfsmanna Garðaskóla að nemendur þekki vel Barnasáttmálan úr fyrri skólum Garðabæjar þegar þau koma í skólann.

Mest hefur verið unnið beint með Barnasáttmálan í 8. bekk. Heil námslota er tileinkuð Barnasáttmálanum í lotu sem heitir „Staða barna og unglinga“. Þar kynnast þau réttindum og áhrifum barna, hvað rödd þeirra skiptir máli og vinna stutt ígrundunarverkefni. Markmið Garðaskóla er að þegar lotunni er lokið fái raddir nemenda að halda áfram að hljóma, ekki bara í verkefnum samfélagsgreina heldur í öðrum faggreinum og einnig að þau hafi áhrif innan skólans. Áherslur í 9. bekk eru meira að byggja ofan á sáttmálan og efla skilning með því að hafa hann til hliðsjónar og setja í samhengi við sjálfsmýnd o.fl. Í 10. bekk er lota 4 tileinkuð lögfræði, mannréttindum og áherslur mannréttindayfirlýsingar er tengd við Barnasáttmálan. Lota 7 er tileinkuð velferðarsamfélagi og réttindafræðslu.

Hofsstaðaskóli (1.-7. bekkur):

Kennarar hafa unnið með Barnasáttmálann gegnum tíðina og þekkja hann ágætlega. Starfsfólk og nemendur hafa unnið að ýmsum verkefnum á undanförunum árum en formlegan ramma hefur skort. Kynningarefni, s.s. plaköt og bæklingar, hefur verið sett upp og skólinn er á fullri ferð að innleiða áherslur. Haustið 2024 var stofnaður innleiðingarhópur kennara og þroskaþjálfar sem stýrði verkefninu í samráði við stjórnendur og hópurinn vann m.a. að því að skrá Barnasáttmálann inn í Skólanámskrá. Í haust á að hefja formlega fræðslu til nemenda út frá áætluninni. Einn liður í henni verða n.k. þemadagar í nóvember og mars þar sem Barnasáttmálanum er gert hátt undir höfði og unnið sérstaklega með hann. Tekinn hefur verið saman listi yfir bókmenntir sem hægt er að nýta í kennslu og vinnu með sáttmálann. Nemendur hafa horft á myndbönd m.a. af *Krakkarúv* og efni sáttmálans er fléttað inn í ýmsar námsgreinar. Nemendur skólans sitja í skólaráði og nemendaráð með fulltrúum úr öllum bekkjardeildum í 1.-7. bekk er starfandi. Rýnihópur nemenda hefur rýnt og fjallað um tillögur að endurnýjun skólalóðar og mun vinna áfram að því verkefni m.a. á skólaþingi. Sérstakt markmið með endurnýjun skólalóðarinnar er að hún verði barnvænn og höfði til breiðari aldurshóps en nú er. Nemendastýrð foreldrasamtöl hófust í skólanum haustið 2023 og eru bæði samtöl ársins með þeim hætti. Nemendur undirbúa samtalið, velja þau verkefni og viðfangsefni sem þeir kjósa að kynna og stýra samtalinu.

Sjálandsskóli (1.-10. bekkur):

Haustið 2024 voru haldnir skipulagðir friðar- og mannréttindadagar Sjálandsskóla þar sem m.a. var fjallað um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ýmis verkefni unnin í tengslum við hann. Á hverju ári er 4. bekkur með 6 vikna þema um Barnasáttmálann sem er fastur liður í skólastarfinu. Þannig er tryggt að þegar skólagöngu lýkur við útskrift 10. bekkjar eiga flest allir nemendur að vera búnir að fjalla um Barnasáttmálann á sinni grunnskólagöngu. Rík hefið er fyrir nemendalýðræði og lýðræðislegri þátttöku nemenda í Sjálandsskóla. Nemendaráð sem skipað er nemendum í 5-10. bekk fundar reglulega og tekur fyrir þau mál sem brenna á nemendum hverju sinni. Þannig stuðlar skólinn að því að nemendur þrói með sér lýðræðislega hugsun og borgaravitund í skólastarfi.

Urriðaholtsskóli (samrekin leik- og grunnskóli 1.-10. bekkur):

Samhliða fræðslu starfsfólks fór af stað fræðsla fyrir nemendur um Barnasáttmálann og réttindi barna á bæði leik- og grunnskólastigi. Fræðslan fer fram í öllum bekkjum grunnskólastigs (1.- 10. bekkjar) og á leikskólastigi fer fræðslan fram eftir aldri og þroska barna og þá helst fyrir leikskólanemendur á aldrinum 3-5 ára.

Eftir fræðsluna fór skólinn að fá nemendur markvisst oftar að borðinu varðandi mál sem þau varða. Nemendaráð á unglingastigi var stofnað og hefur ráðið kynnt fyrir stjórnendum skólans hugmyndir að breytingum sem eru nemendum í hag sem hafa verið samþykktar. Skólinn byrjaði í fyrsta sinn með nemendastýrð foreldraviðtöl þar sem rödd barna fékk að hljóma. Nemendur eru nú oftar kallaðir til að sitja teymisfundi með foreldrum sínum þegar það hæfir aldri og þroska barnanna og þau spurð álits um framgang mála sem þau varða.

Skólinn setti á dagskrá Mannréttindaviku sem verður haldin árlega þar sem réttindi barna og ábyrgð þeirra verður kynnt markvisst á skólaárinu. Mannréttindavikan verður nýtt sem vettvangur til þess að kynna Barnasáttmálann fyrir nýnemum í 1. bekk og sem upprifjun á efninu fyrir aðra árganga skólans. Eftir því sem nemendur eldast verður fræðslan ítarlegri og er markmiðið að nemendur skólans þekki bæði réttindi sín og ábyrgð allt eftir aldri og þroska hverju sinni. Útgefið efni á vegum UNICEF verður nýtt í fræðslunni ásamt öðru efni sem tengist Barnasáttmálanum og réttindum barna.

Sjálfstætt starfandi skólar: Barnaskóli Hjallastefnunnar og Alþjóðaskólinn

Umsjónarmaður BVS (Barnvæns sveitarfélags) heimsótti tvo sjálfstætt starfandi grunnskóla, Barnaskóla Hjallastefnunnar og Alþjóðaskólinn, sem starfa innan Garðabæjar og kynnti verkefnið um Barnvænt sveitarfélag og aðgerðaáætlun Garðabæjar fyrir stjórnendum. Einnig var aðgerð um réttindafræðslu til nemenda kynnt. Skólastjórnendur voru hvattir til að kynna sér innleiðinguna og vinnu með Barnasáttmálann.

Vinnuskóli Garðabæjar

Í Vinnuskóla Garðabæjar hafa flokksstjórar á upphafs- og undirbúningsdögum í byrjun sumars fengið fræðslu um Barnasáttmálann sl. 3 ár og hluti nýliðafræðslu flokkstjóra er að allir horfi á UNICEF námskeiðið um Barnasáttmálann. Einnig hefur Barnasáttmállinn verið kynntur í „Egódagskrá – fræðslu- og forvarnadagskrá“ sem er sérstaklega fyrir 8. bekkjar árgang vinnuskólans.



Mynd 2 Vinnuskóli Egó - kynning á Barnasáttmálanum, júní 2024.

Aðgerð 2: Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa um Barnasáttmálann

Markmið aðgerðarinnar var að útbreiða og tryggja sem mest samræmda fræðslu um Barnasáttmálann til starfsfólks á öllum sviðum bæjarfélagsins sem og til kjörinna fulltrúa skv. námsskrá sem sett var upp af stýrihópi verkefnisins og tillögu UNICEF.

Mæling aðgerðar fólst í að safna saman gögnum um fræðslu hópa og starfsmanna skv. viðmiðum í námsskrá (fylgiskjali III Fræðsluáætlun Garðabæjar um Barnasáttmálann sem fylgdi aðgerðaáætlun bæjarins).

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Fræðsla til starfsfólks Garðabæjar hefur verið í gangi allt frá upphafi stöðumatsvinnu og vinnsla aðgerðaráætlunar stóð yfir sem og eftir að aðgerðaráætlun var samþykkt. Snemma voru sett upp drög að fræðsluáætlun Garðabæjar þar sem listað var upp hvernig fræðslu starfsmenn innan tiltekinna sviða og stofnana ættu að fá. Einnig var þar listi yfir helstu fastanefndir bæjarins þar sem tilgreint var um fræðslu til nefndarmanna. Fræðslan fór fram með ýmsu formi, m.a. í fyrstu með kynningum á fundum sem og með þátttöku starfsmanna í UNICEF akademíunni þegar efnið varð tilbúið. Lagt var upp með að allir starfsmenn horfðu á myndbönd um innleiðinguna og Barnasáttmálann og stjórnendur, s.s. skólastjórar, deildarstjórar og umsjónarkennarar í grunn- og leikskólastarfi bættu við réttindafræðslu. Skólastjórnendur tóku einnig tvö námskeið til viðbótar um vernd og þátttöku. Heilt yfir hefur meirihluti starfsmanna farið í gegnum fræðsluna um innleiðinguna og Barnasáttmálann. Skráning stofnana sýnir að um 78% starfsmanna hafa tekið fræðsluna. Svið bæjarins og skólar skiluðu inn þátttökulistum yfir fjölda starfsmanna sem sóttu námskeið þessu tengt. Vorið 2025 var „Brunnurinn“ nýr fræðsluvefur fyrir starfsmenn Garðabæjar tekinn í notkun og þar er að finna fræðsluefni um Barnasáttmálann sem mun nýtast í nýliðafræðslu og endurmenntun.


<i>Stofnanir/nefndir sem hafa fengið UNICEF fræðsluna skv. áætlun</i>	<i>Hlutfall starfsmanna /fjöldi starfsmanna</i>
Grunnskólar og frístund og félagsmiðstöðvar (sértæk frístund meðtalin)	80,36% (405/504)
Leikskólar	76,40% (314/411)
Stjórnsýsla: Bæjarskrifstofur (öll svið), Bókasafn, ungmennaráð, kjörnir fulltrúar og nefndir (bæjarstjórn, skólanefnd grunnskóla, leikskólanefnd, menningar- og safnanefnd, velferðarráð, íþrótt- og tómstundaráð, umhverfisnefnd og skipulagsnefnd)	75,60% (90/119)
Samtals: 809 /1034 = 78%	

Framkvæmd:

- Verkefnið hófst með hálf-dags fræðslu frá UNICEF til stýrihóps og lykilstjórnenda (sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs (nú fræðslu- og frístundasvið), deildarstjóra íþrótt-, tómstunda- og forvarnamála, grunn- og tónlistarskólafulltrúa og verkefnastjóra á bæjarskrifstofum). Verkefnið og barnasáttmálinn var kynntur ungmennaráði árið 2021. Einnig fengu skólastjórnendur grunn- og leikskóla kynningu frá UNICEF á innleiðingu á barnvænu sveitarfélagi og hvað verkefnið stæði fyrir. Í kjölfarið var lagt að skólum og stofnunum að sinna verkefninu og stefnt að sem flestir hefðu lokið helstu námskeiðum í lok árs 2024. Lagt var upp með að fræðslan yrði sjálfbær og hluti af símenntun t.d. í skólum og skylda í nýliðfræðslu (sjá umfjöllun um nýtt fræðslukerfi Garðabæjar síðar í þessum kafla).
Snemma í innleiðingarferlinu voru sett upp drög að fræðsluáætlun og viðmið fyrir helstu svið og stofnanir bæjarfélagsins. Skjalið með fræðsluáætluninni var í anda þess sem sett var fram í bæklingi UNICEF um réttindafræðslu en áherslur breyttust eftir því sem meira fræðsluefni varð til rafrænt. Með tilkomu fræðslu á vef UNICEF Akademiunnar var stefnt að því að allir kynntu sér námskeiðið um innleiðinguna og myndböndin sem þar fylgja og allir lykju við námskeiðið um Barnasáttmálann. Vegna persónuverndarsjónarmiða hjá sveitarfélögum var ekki farin sú leið að taka saman á einum stað hjá utanaðkomandi aðila lista yfir þá sem höfðu horft á fræðslumyndböndin. Í stað þess var ákveðið hjá Garðabæ að ábyrgðaraðili/réttindafulltrúi og stjórnendur m.a. í skólum myndu halda utan um sína hópa og fjölda og skrá niður hverjir höfðu sótt sér fræðsluna.
- Fræðsluáætlunin hefur verið aðeins endurskoðuð eftir því sem forsendur hafa breyst og á mörgum stöðum var farin sú leið að hver og einn horfði fyrir sig og skilaði af sér viðurkenningarskjali í bland við það að hópar horfðu saman. Skólastjórnendur hafa lagt upp með að kennarar eigi þess kost að skrá áhorf sem hluta af endurmenntun og hafa því skilgreindan tíma til áhorfsins. Leikskólar nýttu sér töluvert sameiginlegt áhorf og þar var víða valin blönduð leið við áhorf þar sem deildir horfðu saman á fræðsluefnið og kvittað fyrir af ábyrgðarmönnum/leikskólastjórum. Stjórnendur leikskóla fengu góða innsýn og vel farið á dýptina í réttindafræðslu í vinnu við sérstaka aðgerð 3 „Barnasáttmálinn á leikskólastigi“ sem var í samvinnu við Rannung.
- Nokkur tími fór í það hjá verkefnastjóra BVS að fá inn upplýsingar um hve margir starfsmenn hefðu lokið fræðslunni skv. áætlun í skólum og stofnunum. Ýmislegt hafði þar áhrif s.s. álag vegna húsnæðisviðgerða, verkföll og gnægð verkefna. Eftir að aðgerðaáætlun var formlega samþykkt í bæjarstjórn hefur þó verið ákveðinn viðsnúningur og síðustu mánuði hafa verið góð skil á skráningum um þá sem hafa lokið fræðslu. Víða í leik- og grunnskólum bæjarins eru skráningar í áhorf á bilinu 60-100% og ágætlega að verki staðið, t.d. í tölum frá vorinu 2025 í Urriðaholtsskóla

kemur fram að 80% starfsmanna á leikskólastigi og 100% á grunnskólastigi hafa lokið námskeiðunum.

- Skólarnir hafa haldið fræðslunni að sínu starfsfólki og keyrt á fræðsluna í lotum hér og þar allt frá því að fræðsluvefurinn UNICEF Akadémían kom til um mitt ár 2022. Lagt hefur verið að grunnskólum og leikskólum að setja fræðsluna á dagskrá þar sem best passaði inn og hefur það verið tekið fyrir á starfsdögum grunn- og leikskóla.
- Módelið gerir ráð fyrir að fræðslan sé umvefjandi og viðhaldið yfir tíma. Í ljósi þess að tímalínan hefur teygst hafa orðið mannbreytingar í stofnunum og skólum og áskorun er að halda fræðslunni á lofti og viðhalda. Hjá stofnunum þar sem eru margir starfsmenn í hlutastarfi í litlu starfshlutfalli og staldra stutt við getur verið áskorun að viðhalda fræðslu meðal þeirra. Með tilkomu fræðsluvefsins Brunnsins (sjá umfjöllun hér neðar) verður auðveldara að halda utanum fræðslu til starfsmanna hvort sem það er endurmenntun eða nýliðafræðsla. Réttindafulltrúar í stofnunum munu einnig fá það hlutverk að viðhalda fræðslu innan hverrar stofnunar.
- Ungmennaráð fékk á upphafsdögum verkefnisins í byrjun árs 2021 sérstaka kynningu frá UNICEF um Barnasáttmálann og innleiðingu hans. Ungmennaráð hefur 2-3 sinnum tekið mannbreytingum frá því verkefnið hófst og fulltrúar sem koma nýir inn hafa tekið fræðslunámskeið á netinu um Barnasáttmálann sem og hafa eldri fulltrúar verið hvattir að rifja upp fræðsluefnið. Umsjónarmaður BVS hefur komið reglulega inn á fundi ráðsins og fjallað um Barnasáttmálann og kynnt stöðu á innleiðingu á BVS.
- Kjörnir fulltrúar hafa fengið kynningu á innleiðingarverkefninu sem og hvatningu til að taka fræðslunámskeiðin á netinu. Umsjónarmaður BVS fylgdi þessu eftir með kynningu inni á nefndarfundum sem og var óskað eftir upplýsingum frá starfsmönnum nefnda um þátttöku nefndarmanna í fræðslunámskeiðinu á netinu. Þess ber að geta að breytingar hafa orðið á nefndum á milli kjörtímabíla. Um 70% kjörinna fulltrúa (bæjarstjórn) og nefndarmanna hafa tekið fræðslunámskeiðin á netinu.
- Fræðsluvefurinn „Brunnurinn“ var tekinn í notkun hjá Garðabæ vorið 2025 og með tilkomu hans verður auðveldara að halda utan um fræðsluefni miðlægt á einum stað fyrir starfsmenn Garðabæjar. Brunnurinn er í prófun og þróun en þar er nú þegar hægt að nálgast kynningarefni um Barnasáttmálann. Í vetur er horft til þess að fræðsla um Barnasáttmálann verði möguleg í gegnum nýja fræðsluvefinn „Brunninn“ þar sem hver og einn starfsmaður er auðkenndur inn á vefinn og hægt að senda út áminningar til starfsmanna um að klára tiltekin skyldunámskeið. Einnig má geta þess að skólar hafa tengt fræðsluna við kjarasamningsbundna símennt kennara þar sem kennarar framvísa námskeiðstímanum í vinnuskýrslu sem hluta af sinni símenntun.



Mynd 3 Skjáskot úr Brunnum, nýjum fræðsluvef Garðabæjar sem er í þróun.

Aðgerð 3 Barnasáttmálinn á leikskólastigi

Markmið aðgerðarinnar var að efla réttindafræðslu á leikskólastigi og hvetja starfsfólk leikskólastigsins til barnvænnar nálgunar í starfi og leik þar sem unnið er með helstu grunnþætti Barnasáttmálans. Mæling aðgerðar fólst í þátttöku starfsmanna í samstarfsverkefni Garðabæjar og RannUng um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna í leikskólum sem og í lokaskýrslu Rannung um samstarfsverkefnið.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Garðabær og RannUng stóðu saman að vinnustofum á skólaárinu 2022-2023 fyrir stjórnendur leikskóla og stjórnendur Garðahrauns (sértæks frístundaúrræðis) samkvæmt samstarfssamningi milli Garðabæjar og RannUng um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna í leikskólum. Vinnustofurnar voru blanda af fyrirlestrum og umræðum um grunnþættina fimm sem verkefni Barnvænna sveitarfélaga byggir á úr Barnasáttmálanum.



Mynd 4 Skjáskot af vef Barnvænna sveitarfélaga af grunnþáttunum 5 sem verkefnið byggir á.

Í vinnustofunum gafst stjórnendum tækifæri til að læra hver af öðrum og skiptast á hugmyndum um hvernig réttindi barna endurspeglast í daglegu starfi leikskólanna. Með vinnustofunum myndaðist dýpri þekking á Barnasáttmálanum og hvernig hægt er að vinna með réttindi barna og réttindavitund yngstu barna í gegnum uppeldi og leik. Fræðsla til starfsfólks er grunnurinn að góðri fræðslu til barna.

Framkvæmd:

- Þegar stöðumatsvinna hjá stýrihópi verkefnis Barnvæns sveitarfélags fór fram var það mat stýrihópsins að huga mætti betur að og vinna sérstaklega með Barnasáttmálanum fyrir börn á leikskólaaldri. Ljóst er að fyrir börn á leikskólastigi virkar síður að beita aðferðum með fræðsluáhorfi, spurningalistum og/eða kynningum. Í stöðumatinu kom fram að nauðsynlegt væri að ígrunda hvaða leiðir væru bestar til að þjálfa lýðræði, jafnrétti og jafnræði fyrir leikskólaaldurinn. Aðgerðin sem var sett fram í aðgerðaáætlun í kjölfar stöðumats fól í sér fræðslu og rýni leikskólastjórna á Barnasáttmálanum og hvernig hægt væri að hvetja starfsfólk leikskólastigsins til barnvænnar nálgunar í starfi og leik þar sem unnið er með helstu grunnþætti Barnasáttmálans.
- Garðabær og RannUng, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna sem starfar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, gerðu með sér samstarfssamning vegna innleiðingar ákvæða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í leikskóla Garðabæjar. Samningurinn var undirritaður í september árið 2022 og verkefnið stóð yfir til ársins 2023. Allir leikskólar Garðabæjar tóku þátt í verkefninu ásamt Garðahrauni, séræku frístundar- og félagsmiðstöðvarúrræði fyrir börn í 5.-10. bekk. Ábyrgðaraðili var leikskólafulltrúi Garðabæjar sem einnig var fulltrúi í stýrihópi BVS. Verkefnið var

keyrt í 5 vinnustofum, 2 klst. hver vinnustofa á tímabilinu september 2022 til júní 2023. Í verkefnalotunum var hugmyndum velt upp og aðferðir skoðaðar sem hentuðu þroska og skilningi barna á leikskólaaldri út frá grunnþáttunum fimm úr Barnasáttmálanum sem eru til grundvallar í innleiðingunni á BVS. Fundirnir voru blanda af fyrirlestrum og umræðum og stjórnendum gafst tækifæri til að læra hver af öðrum. Einnig var efni frá fundunum miðlað til þátttakenda á milli funda til að það nýttist í leikskólum. RannUng skilaði skýrslu í lokin þar sem fjallað var um samstarfsverkefnið og tilgang þess, einnig var þar að finna lýsingu á vinnu hvernar vinnustofu og farið yfir spurningar sem voru ígrundaðar hverju sinni.

- Samstarfið og fræðslan sem átti sér stað í vinnulotunum hefur haft hvetjandi áhrif inn í leikskólastarfið og einstaka leikskólar, s.s. Bæjarból og Hæðarból, eru að huga að því að gerast réttindaleikskólar.

[Samstarfssamningur Garðabæjar og Rannung, frétt á vef Garðabæjar frá 29. september 2022.](#)

Aðgerð 4 Hinsegin fræðsla

Markmið aðgerðarinnar var að fá fræðslu og ráðgjöf til skóla og stofnana bæjarins um fjölbreytileika kynja og að fá bestu mögulegu þekkingu í samstarfi við Samtökin '78.

Mæling aðgerðarinnar fólst í samningi Garðabæjar við Samtökin '78 og samantekt á fundum, fræðslu og nýtingu samningsins hjá skólum og stofnunum.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Garðabær og Samtökin '78 gerðu samstarfssamning um fræðslu og ráðgjöf um hinsegin málefni árin 2022-2024 til starfsfólks leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðva og nemenda í 3., 6. og 9. bekk.

Mat á samstarfinu leiddi í ljós ánægju með fyrirkomulagið og fræðsluna og unnið er að endurnýjun fræðslusamnings.

Framkvæmd:

- Aðgerðin fól í sér að gera samstarfssamning og bjóða skólum og stofnunum fræðslu og ráðgjöf í málefnum um hinsegin mál með fræðslusamningi við Samtökin '78. Fræðslan væri miðuð bæði til starfsfólks og nemenda. Samstarfssamningur milli Garðabæjar og Samtakanna '78 var undirritaður 9. nóvember 2022 um fræðslu í grunnskólum og stofnunum. Fræðsla átti að fara fram fyrir nemendur í 3., 6. og 9. bekk í grunnskólum Garðabæjar sem og til allra starfsmanna í grunn- og leikskólum Garðabæjar. Verkefnið stóð yfir frá 2022 og fram til lok árs 2024. Stefnt er að endurnýjun samningsins á þessu ári.
- Allir bæjarreknu grunnskólarnir hafa tekið þátt í samstarfinu sem og félagsmiðstöðvar. Eftirfylgd verkefnisins og mat á því fór fram með því að leggja fram spurningakönnun fyrir skólastjórnendum grunnskóla í lok árs 2024 til að kanna hvernig hefði tekist til. Niðurstöður gefa til kynna að stjórnendur bæjarreknu grunnskólanna í Garðabæ eru ánægðir með fræðsluna sem veitt var og óska eftir áframhaldandi samstarfi við S78 um fræðslu. Fræðsla til nemenda fór fram í skólunum skólaárin 2022-2023 og 2023-2024. Fræðsla til allra starfsmanna fór fram í 90% tilfella en fræðsla til nýrra starfsmanna var aðeins veitt í 25%. Fræðsla til forráðafólks var veitt í 100% tilfella á fyrsta ári samningsins en aðeins 25% forráðamanna fengu fræðslu á seinna ári samningsins eða í einum skóla. Skólastjórnendur telja að S78 eigi að sjá um fræðsluna í grunnskólum Garðabæjar. Flestir skólastjórnendur telja mikilvægt að forráðafólk fá fræðslu frá S78. Í heildina er ánægja með fræðsluna frá S78 og vilji stjórnenda að vera áfram í samstarfi við samtökin.

Garðabær undirritaði samstarfssamning 9. nóv.2022 um fræðslu í skólum og stofnum. [Hér má sjá frétt þess efnis.](#)

STJÓRNSÝSLA

Aðgerð 5 Yfirfara stefnur bæjarfélagsins

Markmið aðgerðarinnar var að yfirfara allar stefnur og helstu aðgerðaáætlanir bæjarins og uppfæra með tilliti til Barnasáttmálans.

Mæling aðgerðarinnar fór fram með því að skoða tilvísanir og áherslur í endurskoðuðum og/eða nýjum stefnum bæjarins.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Allar núverandi stefnur Garðabæjar voru rýndar með tilliti til Barnasáttmálans sem og Heimsmarkmiðanna. Við endurgerð og endurnýjun eldri stefna og aðgerðaráætlana á tímabilinu var horft til þess hvaða þættir tengdust Barnasáttmálanum og skoðað hvort bæta þurfti úr. Vinnan heldur áfram jafnóðum við gerð nýrra og endurnýjun eldri stefna.

Framkvæmd:

- Snemma á stöðumatstímanum og við smíði aðgerðaáætlunar var hafist handa við að rýna stefnur sem voru í endurnýjun og uppfæra með tilliti til Barnasáttmálans. Í stöðumati kom í ljós að eldri stefnur bæjarins taka ekki sérstaklega tillit til Barnasáttmálans né undirstrika mikilvægi hans. Stýrihópur lagði inn mikilvægi þess að koma betur barnvænu sjónarhorni inn, samþætta og endurhugsa markmið þeirra í nýju ljósi. Við rýni á stefnum var einnig horft til heimsmarkmiða og 38 undirmarkmiða þeirra sem Garðabær hefur valið til að innleiða í starfi, stefnum og framtíðarsýn. Sama gildir um aðgerðaáætlanir sem byggja á eldri stefnum sem eru í gildi.
- Eftirtaldar stefnur og áætlanir hafa komið til endurskoðunar þar sem áherslur Barnasáttmálans hafa verið teknar inn.
 - [Lýðheilsu- og forvarnastefna Garðabæjar](#) (frá 2021)
 - [Framkvæmdaáætlun íþrótt- og tómstundamála Garðabæjar](#) (frá 2022)
 - [Menntastefna Garðabæjar 2022-2030](#) (frá 2022)
 - [Lýðræðisstefna Garðabæjar – Þátttaka – Þekking – Þróun 2021-2030](#) (frá 2022)
 - [Aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026](#) (frá 2024)
- Veturinn 2025/26 er á dagskrá endurskoðun menningarstefnu, endurskoðun fjölmenningarstefnu og stefnt er að því að halda stefnumótunarþing um íþróttir og tómstundir þar sem áherslur barna og ungmenna verða teknar inn í vinnuna.
- Í framtíðinni væri æskilegt að setja leiðbeiningar um mótun stefna og hvernig skal tryggja áherslur Barnasáttmálans, til dæmis með því að nýta formlegt barnvænt hagsmunamat við gerð nýrra og/eða endurskoðun stefna.



5. Þjónusta við börn

Öll börn skulu njóta jafna tækifæra án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Efla réttindi barna í Garðabæ	Garðabær hljóti viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag	Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs	Stýrihópur um barnvænt sveitarfélag	Fyrir lok árs 2024

Mynd 5 Skjáskot úr aðgerðaráætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026, grein 5 Þjónusta við börn í kafla 4.

Lýðheilsu- og forvarnastefna



Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar fylgir eftir stefnumótun í lýðheilsu og þróun forvarna í bæjarfélaginu.

Nefndin sinnir þannig heilsuefningu í bænum í viðum skilningi fyrir alla aldurshópa. Áherslupættir stefnunnar koma fram í undirköflunum **upplýst-, öruggt-, öflugt-, hvetjandi-, ábyrgt-, og heilsuefandi samfélag**. Hver áherslupáttur tengist [heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun sem birtist með táknmyndum þeirra kafla sem tengingin á við og bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt að stefna að. Innan þessara áherslupátta eru talin upp **leiðarljós** sem unnið skal að með tilteknum „**stoðum**“, sem aftur leiða af sér „**aðgerðir**“. Aðgerðaráætlanir verða síðan til á hverju sviði stjórnsýslunnar. Skulu þær ávallt taka mið af [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#). Með þessu er stefnt að því að hafa ávallt yfirsýn yfir heilsuefningu og forvarnir í Garðabæ og hvaða svið er ábyrgt varðandi þau verkefni sem eru í gangi.



Mynd 6 Skjaskot úr Lýðheilsu- og forvarnastefnu Garðabæjar, bls 1



Lýðræði og skólabragur

Unnið sé í takt við áherslupætti Barnasáttmálans um lýðræði og réttindi barna. Áhersla sé lögð á lýðræðislegt samstarf, sjálfstæða og gagnrýna hugsun með því að:

- Tryggja með lýðræðislegum og skilvirkum hætti aðkomu nemenda við mótun skólastarfs og skólabrags, rödd barna heyrist og leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra
- Virðing og viðurkenning á félagslegum, menningarlegum og einstaklingsbundnum margbreytileika sé tryggð
- Allir sem koma að skólastarfi eigi rétt á að hafa skoðun, láta hana í ljós og hafa þannig áhrif á mótun skólasamfélagsins

Mynd 7 Skjaskot úr Menntastefnu Garðabæjar, Lýðræði og skólabragur á bls. 11

Aðgerð 6 Miðlun upplýsinga á fleiri tungumálum

Markmið:

Bæta upplýsingaveitur bæjarins og skóla m.t.t. ólíkra tungumálahópa fyrir börn, forráðamenn og fjölskyldur.

Mæling aðgerðarinnar fólst í að endurbæta upplýsingar og efni frá skólum ásamt vefsíðum þannig að það væri aðgengilegt á fleiri tungumálum. Einnig að til væru áætlanir um móttöku íbúa af erlendum uppruna í skólum og í þjónustuveri Garðabæjar og að verkefnið væri komið vel á veg 2024.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Helsta upplýsingaveita bæjarins er vefur þess, gardabaer.is. Vinna við nýjan vef Garðabæjar stendur nú yfir og með nýjum vef verður enn betur hægt að miðla efni bæjarins á fleiri tungumálum þar sem vefurinn verður settur upp þannig að hann bjóði upp á sjálfvirka þýðingu yfir á önnur tungumál. Tækninýjungar hafa gert fólki kleift að nýta sér þýðingarvirkni í vöfrum og þýðingarforrit í snjalltækjum eru notuð fyrir samskipti við íbúa af erlendum uppruna þegar á þarf að halda. Skólar hafa bætt móttökuáætlanir vegna erlendra nemenda og senda út bréf á fleiri tungumálum, s.s. ensku og pólsku auk íslensku til forráðamanna þegar það á við. Sífelld þarf að vinna að því að bæta upplýsingamiðlun með tilliti til ólíkra tungumálahópa.

Framkvæmd:

- Samskiptadeild og ýmis svið bæjarins hafa verið með til rýni í hvaða tilvikum þurfi að huga að efni sé aðgengilegt á öðrum tungumálum en íslensku og sú vinna er sífelld í gangi.
- Strax árið 2021 voru gerðar leiðbeiningar á ensku á vef Garðabæjar, gardabaer.is, um hvernig hægt væri að stilla vafra eins og t.d. Chrome á önnur tungumál og þannig geta þýtt efni vefsíðu Garðabæjar yfir á önnur tungumál sjálfkrafa. Auk þess sem bætt var úr almennum upplýsingum á vefsíðu bæjarins á ensku. [Sjá undirsíðu á ensku hér.](#)
- Vinna við nýjan vef Garðabæjar stendur nú yfir og þá verður einnig skoðað fyrirkomulag annarra vefja stofnana, s.s. leik- og grunnskóla og til að byrja með verða búnar til lendingarsíður inni á vef Garðabæjar fyrir þessar stofnanir. Stefnt er að því að nýr vefur Garðabæjar fari í loftið vorið 2026. Í kröfulýsingu fyrir nýjan vef var m.a. horft til aðgengi fyrir alla þar með talið fólki með annað tungumál, þar sem forðast skal skjöl sem ekki eru aðgengileg til að t.d. nota með þýðingarvirkni. Einnig á að setja vefinn þannig upp að hann bjóði upp á sjálfvirka þýðingu af íslenska vefnum sem nýtir „Google Translation API“ eða aðra sambærilega virkni.
- Mikil tækniþróun hefur átt sér stað varðandi þýðingarforrit og á síðustu árum hafa starfsmenn bæjarins í ráðhúsi og skólum nýtt sér í auknum mæli þýðingarforrit í sínum og öðrum snjalltækjum í samskiptum við forráðamenn barna þegar á þarf að halda.
- Fjölmeningarstefna bæjarins er til í enskri og pólskri útgáfu.
- Garðabær hefur eins og önnur sveitarfélög tekið á móti fjölmörgum flóttamönnum á undanförunum árum og hefur þurft að móta verklag hjá þjónustuveri, velferðarsviði og fræðslu- og frístundasviði og skólum bæjarins vegna móttöku fjölskyldna af erlendum uppruna. Þegar senda þarf út mikilvægt efni til allra forráðamanna barna í leik- og grunnskólum hefur verið horft til þess að hafa einnig enskar og pólskar útgáfur þegar það á við en ekki eingöngu á íslensku eins og var áður.

Aðgerð 7 Barnvænt hagsmunamat

Markmið aðgerðarinnar voru að stigin yrðu skref við að innleiða og þróa barnvænt hagsmunamat í verklag stjórnsýslunnar.

Mæling aðgerðarinnar fólst í verklagi, gátlistum, vinnulagi og árangri nefnda.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Drög að barnvænu hagsmunamati, sniðmát með spurningum og leiðbeiningar með gátlistum, eru í vinnslu og stefnt að því að geta tekið það í áframhaldandi prófun á næstu mánuðum.

Framkvæmd:

- Hugmyndafræði og útfærsla um barnvænt hagsmunamat var kynnt í flestum ráðum og nefndum Garðabæjar frá janúar - maí 2024 samhliða umræðu um aðgerðaáætlun vegna innleiðingar Garðabæjar á Barnasáttmálanum.
Umsjónarmaður BVS og lögfræðingur velferðarsviðs og deildarstjóri þjónustu mynduðu teymi sem lagðist yfir það að útbúa leiðbeiningar, sniðmát og gátlista sem tengdur yrði málaskrá. Drög að slíku sniðmáti um barnvænt hagsmunamat hefur verið kynnt á sviðsstjórafundi vorið 2025 og stefnt er að áframhaldandi vinnu við að klára það í vetur. Til hliðsjónar hafa verið skoðaðir gátlistar og sniðmát sem ráðuneyti sem og UNICEF hafa lagt til. Horft er til þess að sniðmátið geti nýst starfsmönnum allra sviða bæjarins.
Í sniðmátinu er m.a. velt upp áhrifum verkefna á börn og réttindi þeirra og farið yfir hvort einhver gögn s.s. skýrslur, samráð eða annað liggi fyrir. Barnvænt hagsmunamat getur nýst í upphafi nýrra verkefna sem og í rýni á eldri verkefnum. Verkefnishópur um barnvænt hagsmunamat hefur prófað sniðmátið á verkefnum sem þegar hafa átt sér stað í Garðabæ, s.s. breytingar á leikskólaumhverfi og aðgerðaáætlun jafnréttismála, til að sjá hvernig sniðmátið reynist. Lagt er upp með að hagsmunamatið verði einfalt í notkun, minni á og auðveldi réttindamiðaða nálgun þegar stjórnsýslan fer í verkefni sem skipta börn máli.
- Við þróun og innleiðingu á barnvænu hagsmunamati verður hvatt til þess að nefndir nýti sér þekkingu verkefnafulltrúa ungmennaráðs og BVS til aðstoðar við gerð barnvæns hagsmunamats og aðstoðað við þátttökuleiðir barna.
- Í skoðun er hjá UNICEF hvort og með hvaða hætti sveitarfélög geta samræmt sniðmát vegna Barnvæns hagsmunamats og umsjónarmaður BVS hjá Garðabæ hefur gefið kost á sér í þeirri vinnu haustið 2025.

Aðgerð 8 Verkefna- og umsjónaraðilar fyrir barnvænt sveitarfélag og ungmennaráð

Markmið var að skilgreina betur verkefni og aðstoð við ungmennaráð og eftirfylgni verkefna þeirra inn í stjórnsýsluna. Renna frekari stoðum undir verkefnið Barnvænn Garðabær.

Mæling aðgerðarinnar fólst í fjölda verkefna og erinda til og frá ungmennaráði sem og í starfsskýrslum.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Hlutverk og verkefni fulltrúa sem vinnur að innleiðingu á Barnasáttmálanum hefur verið fest í sessi með tilteknu starfshlutfalli og einnig hefur starfshlutfall umsjónarmanns ungmennaráðs verið skilgreint. Um leið hefur verið sett meiri áhersla á að halda á lofti sjónarhorni barna með samráði við ungmennaráð eða aðra hópa þegar það á við.

Framkvæmd:

- Aðgerðin var fyrirheit um að settur yrði kraftur í aðstoð við ungmennaráð og innleiðingu á Barnasáttmálanum. Tryggt væri að umsjónaraðilar hefðu svigrúm og tíma til þess. Umsjónarmaður BVS kemur að útfærslu á mörgum aðgerða með beinum og óbeinum hætti og fylgir eftir aðgerðaáætlun meðal ábyrgðarmanna hverra aðgerða.
- Ágætlega hefur tekist til við að festa í sessi nk. umboðs- og verkefnastjórn og örva réttindamiðaða nálgun í stjórnsýslunni. Umsjónaraðili BVS á fræðslu- og frístundasviði hefur haft yfirsýn og m.a. fengið starfsaðstöðu á bæjarskrifstofum sem var ekki áður og er þannig mun nær öllum sviðum og deildum stjórnsýslunnar og hefur haldið á lofti sjónarhorni um „raddir barna“ þar sem hægt er. Það hefur verið lykilatriði að tala fyrir réttindamiðari nálgun í þeim verkefnum sem hafa verið í gangi eru og minna stöðugt á raddir barna sem og hægt sé að leita til ungmennaráðs.
- Á innleiðingartíma BVS hafa umsvif og áhrif ungmennaráðs farið vaxandi og eftir því tekið. Ráðið hefur fengið skýrara utanumhald, meiri athygli, aukna tíðni funda og sjá má meiri áhrif ungmennaráðsins í stjórnsýslunni almennt. Upplifun ungmennaráðs má sjá í skýrslu ungmennaráðs sem fylgir hér með í aftasta kafla
- Umsjónarmaður ungmennaráðs er núna skilgreindur í amk 20% starfshlutfalli vegna umsjónar með ungmennaráði. Umsjónarmaður fylgir eftir því að fundað sé reglulega og settar fram áætlanir fram í tímann og aðstoðar ráðið við verkefni og tengsl.
- Miðað er við að umsjónarmaður BVS sé í 30% starfshlutfalli vegna innleiðingarinnar enda verkefnið umfangsmikið og mikil samskipti og samstarf við marga aðila í stóru bæjarfélagi. Einnig koma fjölmargir aðrir starfsmenn bæjarins að vinnu við innleiðinguna s.s. í ábyrgð og framkvæmd aðgerða í aðgerðaráætluninni, og enn aðrir koma að útgáfu skýrslna t.d. vegna stöðumats, aðgerðaáætlunar, barnvæns hagsmunamats og vinnu við rýnihópa.
- Á meðan á innleiðingarferlinu hefur staðið hafa þátttökuleiðir barna færst í aukana og algengara er að ungmennaráð eða börn séu kölluð til með einhverjum hætti. Fleiri mál hafa komið inn til ungmennaráðs til kynningar, álits og skoðunar.

Aðgerð 9 Samskiptasáttmáli

Markmið var að innleiða samskiptasáttmála meðal barna á grunnskólastigi og setja fram nýja nálgun varðandi samskipti barna og forvarnir varðandi eineltismál.

Mæling aðgerðarinnar fólst í innleiðingu og útbreiðslu sem og í skýrslum skóla.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Samskiptasáttmáli Garðabæjar sem tók gildi í ágúst 2024 var unninn og settur fram í þeim tilgangi að koma með nýja nálgun þegar eineltisáætlanir skóla voru endurskoðaðar. Sáttmállinn hefur verið vel kynntur í skólasamfélaginu, til starfsmanna og nemenda og einnig út á við til forráðamanna með upplýsingum á vefsíðum sem og í árlegri forvarnaviku Garðabæjar.

Framkvæmd:

- Í stöðumati kom fram að samskiptavandi væri viðvarandi vandamál í samfélaginu. Í mælingum skv. mælaborði og í fleiri könnunum um hagi og líðan koma fram upplýsingar um samskiptavandamál og sveiflur í líðan barna, netáreiti o.fl. þrátt fyrir mikla vinnu og eineltisáætlanir skóla.
- Sett var niður ný nálgun varðandi bætt samskipti barna. Eineltisáætlanir skóla bæjarins voru endurskoðaðar og nýr samskiptasáttmáli var settur fram með jákvæðari formerkjum í von um betri umgjörð, verklag og árangur varðandi líðan. Samskiptasáttmáli Garðabæjar kom út árið 2024 og var unninn með það að leiðarljósi að auka vellíðan, velferð, lífsgæði og heilsu barna. Samskiptasáttmálanum er ætlað að stuðla að jákvæðum samskiptum og auka þekkingu barna, forráðafólks og starfsfólks á einkennum samskiptavanda og eineltis. Í samskiptasáttmálanum má meðal annars finna upplýsingar um hvernig samskiptamál eru skoðuð og flokkuð, hvernig unnið skal úr samskiptamálum og skilgreiningar á helstu hugtökum sem sáttmállinn byggir á.

Sáttmállinn var unninn af stýrihópi sem var skipaður

fulltrúum starfsfólks úr Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Sjólandsskóla og Urriðaholtsskóla. Hópurinn starfaði undir handleiðslu Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektors í tómstunda- og félagsmálafræði. Grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar rit- og verkefnastýrði sáttmálanum.

Samskiptasáttmálann á að kynna á hverju ári fyrir skólasamfélaginu í öllum grunnskólum og frístundaheimilum bæjarins og skal endurskoða á minnst tveggja ára fresti.

- Samskiptasáttmállinn er aðgengilegur á vef Garðabæjar sem og eru grunnskólar með upplýsingar um hann á sínum síðum. Þar eru leiðbeiningar um hvert er hægt að leita ef upp koma áhyggjur um samskiptamál og einnig er vísun í eyðublað um samskiptamál á þjónustugátt Garðabæjar.



Mynd 8 Forsíða Samskiptasáttmála Garðabæjar

- Í árlegri forvarnaviku Garðabæjar í nóvember árið 2024 var þemað samskipti og samskiptasáttmálinn settur sérstaklega á dagskrá. Ungmennaráð vann þar sérstaklega metnaðarfullt verkefni tengt sáttmálanum í formi myndbands. Í forvarnaviku Garðabæjar haustið 2025 var þemað Velferð og vellíðan og tengt við samskiptasáttmálann á margan hátt.

Ungmennaráð Garðabæjar fékk nokkra þekkta einstaklinga til að ræða samskipti í áhugaverðu myndbandi sem hefur þann tilgang að skapa umræðu um hvað einkenni góð og heilbrigð samskipti.



Mynd 9 Skjáskot úr frétt á vef Garðabæjar (frá 3. janúar 2025) um myndband ungmennaráðs sem var útbúið í tilefni af forvarnaviku haustið 2024.

Hlutverk barna er að

- Sýna öðrum samkennd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði, skapandi hugsun, virðingu og kurteisi.
- Virða skólareglur.
- Setja mörk.
- Benda gerendum á óviðunandi samskipti bæði gagnvart sér og öðrum börnum.
- Láta fullorðna vita ef þau verða vitni að samskiptavanda, einelti eða annarri meiðandi hegðun í garð annarra eða þeirra sjálfra.
- Þekkja samskiptasáttmála Garðabæjar og viðbrögð ef upp koma samskiptamál
- Aðstoða við lausn mála.

Mynd 10 Skjáskot úr Samskiptasáttmála Garðabæjar um „Hlutverk barna“ bls 16.

[Frétt um nýjan samskiptasáttmála Garðabæjar, frétt á vef Garðabæjar \(26. ágúst 2024\)](#)

[Góð samskipti í aðalhlutverki í forvarnaviku, frétt á vef Garðabæjar \(31. október 2024\)](#)

[Spjallað um samskipti í forvarnaviku Garðabæjar – frétt um myndbönd ungmennaráðs \(3. janúar 2025\)](#)

[Samskiptasáttmálinn, á vef Garðabæjar.](#)

Aðgerð 10 Réttindafulltrúar Barnvæns sveitarfélags

Markmið var að útnefna réttindafulltrúa BVS (Barnvæns sveitarfélags) í stofnanir og á helstu svið bæjarins. Mæling aðgerðar fólst í fulltrúalista og árangri réttindafræðslu ásamt eftirfylgd aðgerða.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Búið er að skipa réttindafulltrúa BVS í helstu stofnanir og svið. Í framhaldi þarf að skoða með hvaða hætti reglubundin fræðsla fyrir réttindafulltrúa verði viðhaldið.

Framkvæmd:

- Umsjónarmaður BVS fylgdi því eftir í samstarfi við stjórnendur skóla og stofnana að útnefndir yrðu réttindafulltrúar í stofnunum og helstu sviðum bæjarins. Grunnskólar og leikskólar eru þær stofnanir sem vinna mest með börnum í sveitarfélaginu og eftirfarandi stofnanir og svið eru búnar að tilnefna réttindafulltrúa:
 - Grunnskólar og frístundaheimili: Álfstanesskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Hofsstaðaskóli, Sjálandsskóli og Urriðaholtsskóli – réttindafulltrúar eru ýmist kennarar eða skólastjórar
 - Leikskólar: Leikskólafulltrúi er réttindafulltrúi fyrir hönd allra leikskóla
 - Ungmennaráð: Umsjónarmaður ungmennaráðs
 - Bæjarskrifstofur:
 - Fræðslu- og frístundasvið / Félagsmiðstöðvar: Umsjónarmaður BVS
 - Umhverfissvið: Verkefnastjóri umhverfismála
 - Velferðarsvið: Lögfræðingur á velferðarsviði og deildarstjóri barnaverndar
 - Fjármála- og stjórnsýslusvið: Fjármálastjóri
 - Þjónustu- og þróunarsvið: Deildarstjóri þjónustu

Aðgerð 11 Barnvænt móttökurými fyrir félagsþjónustu og skólaþjónustu

Markmið var að bæta móttöku og þjónustu við börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu. Mæling aðgerðar fólst í að ákvörðun um framkvæmd lægi fyrir í árslok 2024.


Staða: Í farvegi

Hvernig tókst til:


Í ráðhúsi Garðabæjar var farið í að útbúa barnvæn viðtölsherbergi. Fulltrúar ungmennaráðs Garðabæjar fengu í samstarfi við starfsmenn Garðabæjar að koma með hugmyndir og rýni þegar var verið að teikna rýmin. Viðtölsherbergin voru tekin í notkun haustið 2025.

Framkvæmd:

- Í stöðumati kom fram þörf á betra móttökurými þegar tekið væri á móti börnum og fjölskyldum. Í ráðhúsi Garðabæjar hafa móttökurými verið í fundarrýmum sem eru fremur opin og henta ekki nógu vel þegar taka þarf á móti börnum og ungmennum í viðtöl um viðkvæm málefni. Ungmennni í stýrihópi BVS voru með í mótun og samþykkt hugmyndar í aðgerðaáætlun um barnvænni viðtölsherbergi.
- Farið var að skoða með hvaða hætti væri hægt að útbúa minni fundarrými þar sem væri áhersla á næði fundargesta. Rými á 5. hæð í turni ráðhússins varð fyrir valinu og leitað var til arkitektastofu um útfærslu.
- Hugmyndir og rýni ungmennaráðs voru teknar með í vinnuna hjá arkitektastofunni. Starfsmenn frá velferðarsviði og fræðslu- og frístundasviði sem hafa reynslu af að taka börn í viðtöl fengu einnig að koma að rýnni og samstarfinu. Fulltrúar ungmennaráðs fengu að fylgjast með og hafa áhrif á framkvæmdina, s.s. litaval, val á húsgögnum og koma að ábendingum varðandi framkvæmdina. Dæmi um athugasemdir sem komu fram voru:
 - „Forðast allt sem minnir á skólastofu, hafa miklu meiri áherslu á notalegheit en eru í skólastofum“
 - „Hafa sófa/stóla sem er hægt að hrjúfra sig í, stólarnir á myndunum gætu hentað mjög vel“
- Móttökurýmið gagnast bæði velferðarsviði og fræðslu- og frístundasviði, s.s. skólaþjónustu þar sem sálfræðingar og talmeinafræðingar geta tekið á móti börnum. Viðtölsherbergin voru tekin í notkun í nóvember 2025. Einnig er verið að vinna að breytingum á þjónustuveri Garðabæjar á jarðhæð ráðhússins og þar er líka verið að huga að barnvænu rými. Nánari verkefnalýsing á þessari aðgerð hefur verið tekin saman og send til UNICEF sem tillaga að „fyrirmyndarverkefni UNICEF á Íslandi“.



Mynd 11 Tölvuteiknuð mynd af nýjum barnvænum fundarherbergjum í ráðhúsi Garðabæjar



Mynd 12 Ljósmynd úr nýju móttökurými fyrir framan ný fundarherbergi í ráðhúsi Garðabæjar

Aðgerð 12 Verkefnisstjóri farsældar barna

Markmið var að útfæra farsældarlögin, innleiða ferla og vinnu í þágu barna.

Mæling aðgerðar fólst í ráðningu verkefnastjóra og í aðgerðaráætlun vegna farsældar.

Staða: Í farvegi

Hvernig tókst til:

Mikil vinna hefur átt sér stað hjá velferðarsviði, fræðslu- og frístundasviði og leik- og grunnskólum við innleiðingu á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Verkefnastjóri innleiðingar var ráðinn og sl. 2 ár hefur verið unnið í kynningu, ferlum, og verklagi. Innleiðing hefur gengið vel og er enn í fullum gangi þar sem búið er að teikna upp verklag og halda fjölmarga fræðslu- og kynningarfundum meðal starfsmanna. Góð og vönduð innleiðing farsældar hjá Garðabæ styrkir ferla í anda Barnasáttmálans um hvað er barni fyrir bestu, um vernd gegn ofbeldi, um jafna stöðu, um að gæta réttinda barna í kerfinu og að tryggja rétt til lífs og þroska og menntun við hæfi.

Framkvæmd:

- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sk. farsældarlög, tóku gildi á Íslandi árið 2022. Verkefnastjóri innleiðingar á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna var ráðinn í fullt starf hjá Garðabæ í ársbyrjun 2023 og vann þvert á velferðarsvið og fræðslu- og frístundasvið til að flýta sem mest vinnunni við innleiðingu farsældar. Gert er ráð fyrir að verkefnastjóri innleiðingar starfi fram á sumar 2026 og að innleiðingunni verði þá lokið að fullu. Eftir kortlagningu og þarfagreiningu á stöðu sveitarfélagsins var tekin ákvörðun um að ráða inn auk verkefnastjóra sérstakan málstjóra á velferðarsvið til að vinna mál barna sem þurfa stuðning á 2.-3. stigi skv. lögnum.
- Hlutverk verkefnastjóra er að vinna verklag í samræmi við lögin og innleiða það á öllum þjónustustigum. Haldnir hafa verið fræðslu- og samstarfsfundir fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á velferðar- og fræðslusviði um verklag og vinnu farsældarmála, einnig hefur verið boðið upp á sértæka kennslu fyrir minni faghópa og einstaklinga til að tryggja sameiginlega sýn og skilning á verklaginu.
- Við innleiðinguna hafa komið upp ýmsar áskoranir og má þar m.a. nefna að fá sameiginlega sýn og sameiginlegan skilning á farsæld, svo og starfsmannabreytingar. Tækifæri sem skapast með innleiðingunni eru t.a.m. þau að mál barna ættu að komast í skýrari farveg með öflugra samstarfi á milli þeirra sem vinna með barnið. Frá hausti 2024 hefur innleiðing gengið vel þar sem leik- og grunnskólar, velferðarsvið og fræðslu- og frístundasvið hafa veitt stigskipa þjónustu samkvæmt lögnum. Fyrir liggur áætlun um áframhaldandi þróun innleiðingarinnar skólaveturinn 2025-2026.
- Á vef Garðabæjar er að finna [upplýsingar um farsæld í þágu barna](#) og þar má finna upplýsingar um tengiliði farsældar í hverjum leik- og grunnskóla í Garðabæ.
- Handbók farsældar var gefin út af BOFS (Barna- og fjölskyldustofu) haustið 2024 og var unnin í samvinnu við Menntamálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi. Handbók UNICEF um barnvæn sveitarfélög var fyrirmynd að Handbók farsældar og eins og fram kemur í [inngangi handbókarinnar](#) byggja handbækurnar á breytingarkenningunni (e. Theory of Change) og innleiðingarfræðum þar sem lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu milli stjórnvalda, sveitarfélaga og samfélagsins í heild. Eitt af meginmarkmiðum farsældarlaganna er eins og meðal annars kemur fram í handbók farsældar að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, þ.e. Barnasáttmálann. Góð og vönduð innleiðing farsældar hjá Garðabæ styrkir því jafnframt ferla í anda Barnasáttmálans um hvað er barni fyrir bestu, um vernd gegn ofbeldi, um jafna stöðu, um að gæta réttinda barna í kerfinu og að tryggja rétt til lífs og þroska og menntun við hæfi.

RADDIR BARNA

Aðgerð 13 Efling ungmennaráðs

Markmið var að styrkja umgjörð, sýnileika, hlutverk og áhrif ungmennaráðs í stjórnsýslu Garðabæjar. Mæling aðgerðar fólst í ársskýrslu ungmennaráðs, samantekt á fundum og málum sem fara til umfjöllunar í ungmennaráði.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Unnið hefur verið markvisst að eflingu ungmennaráðs Garðabæjar frá því að ráðið var í verkefnið um barnvænt sveitarfélag. Ráðið fær nú t.d. laun fyrir fundarsetu og fundar í ráðhúsi Garðabæjar. Verkefnum ráðsins hefur fjölgað og leitað er oftast til þeirra með mál sem þarf að rýna með ýmsum hætti. Ungmennaráðið hefur verið í auknu samstarfi við skóla og hefur tengst inn í vinnu við fjölmargar aðgerðir BVS.

Framkvæmd:

- Frá stöðumati til aðgerðaráætlunar hefur verið unnið markvisst að því að efla ungmennaráðið og tengsl þeirra og stöðu innan stjórnsýslunnar. Fleiri hafa orðið meðvitaðri um ráðið og fulltrúar þess hafa myndað tengsl við bærjarfulltrúa í gegnum ýmis verkefni tengd BVS.
- Ungmennaráðsfulltrúar hafa frá árinu 2022 fengið laun fyrir fundarsetu og var það eitt af því fyrsta sem var lagað til efla ráðið til dæða. Aðstaða til fundarhalds var flutt í ráðhús bæjarins og fundar ráðið þar eins og hver önnur nefnd bæjarins. Ráðið hefur mótað sér starfsáætlun og fundar reglulega. Lögð var áhersla á að bæta fundargerðir og tengja ráðið betur við málaskrá og kerfi bæjarins og [fundargerðirnar birtar á vef Garðabæjar](#) eins og fundargerðir annarra nefnda Garðabæjar. Fulltrúum ráðsins hefur verið boðið að nýta netföng með endingunni @gardabaer.is.
- Verkefnum ráðsins hefur fjölgað og ráðið hefur verkskipt fulltrúum til að taka þátt í ýmsum verkefnum. Ungmennaráðið hefur tengst inn í vinnu aðgerðaáætlunar vegna BVS. Ungmennaráð hefur komið sterkt inn í vinnu með rýnihópum barna og unnið með rýnihópum úr skólum/svæðum. Einnig hefur ungmennaráðið tekið þátt í aðgerð nr 11 um barnvænt móttökurými. Ungmennaráð hélt vel heppnað ungmennapening haustið 2023 í samstarfi við skóla.
- Búið er að koma á fót sérstökum fundi ungmennaráðs með bærjarstjórn Garðabæjar einu sinni á ári sem hefur leitt af sér ályktanir og áherslur til frekari vinnslu. Út frá því varð til vinnuhópur vegna stofnunar ungmennahúss í Garðabæ og í framhaldi af þeirri vinnu var

Áhugi bærjarfulltrúa á ungmennaráðinu hefur aukist gríðarlega með tímanum

- segja þær Freyja Huginisdóttir og Emilia Ósk Hauksdóttir sem tóku nýlega við sem formaður og varaformaður ungmennaráðs Garðabæjar

Ungmennaráð Garðabæjar er vettvangur fyrir unga íbúa bæjarinnar til að hafa áhrif á samfélagið sitt og koma málum sínum á framfæri við bærjarfulltrúa. Ráðið hefur síðustu ár lagt áherslu á liðin unga fólk, aðstoðu fyrir ungmenni, samþingur og fræðslumál. Með því að taka virkan þátt í stefnumótun bæjarinnar fela ungmennirnir takfærni til að hafa áhrif á nærnámstíð og þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum.

Nýverið tóku þær Emilia Ósk Hauksdóttir og Freyja Huginisdóttir við sem formaður og varaformaður ungmennaráðsins, en þær sátu einnig í ráðinu í fyrra. Við spæum þær til í nýtt hlutverk, helstu verkefni ráðsins og þau málhafi sem þær vilja leggja áherslu á á komandi störfum.



Örsumskilar! Freyja og Emilia leggja áherslu á virka þátttöku ungmennanna í málum um svæðisráðgjafi og vilja að ráðir þeirra heyrist vel.

Við viljum gera Garðabæ að betri stað

Hver eru ykkar helstu málakörð sem formaður og varaformaður ungmennaráðsins átt? „Ökkur langar að vinna málakörð sem tengist ungmennum í Garðabæ og viljum við gera það vel. Til að ná þessu málakörð þurfum við að hlusta á alla, víðsta skoðanir allra og setja málakörð í verkefni okkar. Við viljum gera Garðabæ að betri stað og eiga hlutverk okkar.“ segja þær vinkonur, Emilia og Freyja.

Dugnaðurinn skín af ungmennaráðinu

En fyrir hvað stundur ungmennaráð Garðabæjar og hvernig málakörð getur það haft? „Málakörð ungmennaráðsins er að koma hugmyndum ungmennanna á framfæri. Til þess höldum við til ungmennabæjar og náum þessum að hlusta á skoðanir ungmennanna. Ungmennaráð er virkt og málakörðum og erum að vinna mál til að styrkja okkar. Dugnaðurinn skín af okkar og mál í öllum verkefnum sem við vinnum.“ segja þær vinkonur.

Bærjarstjórn græðir mjög mikið á að fá okkar skoðanir inn og drúgt

Ög nær ríðir ykkar inn fyrir vöggi bærjarstjórnar og hvaða mál skiptir það fyrir okkur? „Garðabæ - en bærjarfulltrúarnir að hlusta á ykkur! Við finnum á fundi með bærjarstjórn á hvernig leið þær sem lang best okkar málhafi koma fram, en við erum í reglulegum samskiptum við marga bærjarfulltrúa. Áhugi bærjarfulltrúa á ungmennaráðinu hefur aukist gríðarlega með tímanum og vinnum við allskonar verkefni saman. Þessa samstarf eru gríðarlega mikilvæg þar sem bærjarstjórn græðir mjög mikið á að fá okkar skoðanir inn og drúgt.“

Á dagkrá að opna ungmennahúsið

Ög hver eru helstu áherslur ungmennaráðsins fyrir árið 2025? „Ökkur langar að búa til samþingur í Garðabæ og þetta er mál sem við vinnum hart af. Á dagkrá er einnig að opna ungmennahúsið fyrir ungmenni eftir grunnskóla. Fullt af öllum málum sem eru á dagkrá en þessi eru mest áberandi skilríkið núna.“

Mun hafa gríðarlega jákvæð áhrif á ungmenni í Garðabæ og vellíðan þeirra

Einu og þú nefnir þú hafið þú tekið fyrir því að bærinn séði réttlætis á ungmennahúsi - hvernig gengur það mál og hvernig munst þú breyta fyrir ykkur? „Þetta mál er komið á dagkrá og höfum við smá tengi með því. Við erum gríðarlega áhugið hvað bærinn hefur vel í þetta verkefni og samstarfið sem myndast. Þetta mun hafa gríðarlega jákvæð áhrif á ungmenni í Garðabæ og vellíðan þeirra. Svona ungmennahúsið hefur komið mjög vel út í öllum bærjarfulltrúa og vorum við að ungmenni í Garðabæ teki vel í þetta verkefni.“ segja þær vinkonur.

Ög þú hafið einnig náði samþingumálum, umráð og fjölbreytt. Þú skiptir ykkur mál? „Samþingumál er stórt áherslunál hja okkar og brennum við fyrir þessum málakörðum þar sem ungmenni njóta samþingur mest. Við viljum bæta þessu mál og hlusta á ungmennina í öllum hvernig. Við höfum verið í gífur samstarfi við ITG og eru þessi mál kærinn í farn og á góðu leið.“

Vilja ná áhyggjuliðu í Garðabæ og þá sérstaklega ungmennanna

En eru ungmenni í dag dagleg að fylgjast

Hvað finnst ykkur mikilvægast að búa í Garðabæ fyrir ungt fólk? „Hjá eru mörg málhafi sem brenna á ungmennum í Garðabæ í dag og erum við að gera okkar besta í að vinna í þessu ölu. Mikilvægast fyrir okkur er að ungmenni sjá umhverfa þrýtingu og finna fyrir því að það sé hlustað á þau.“

Látið í ykkur heyra

Hvaða skilaboð viljið þú senda ungu fólk sem vill hafa áhrif í samfélaginu? „Látið í ykkur heyrist! Ef þú hefur að þú getið hafið jákvæð áhrif á samfélagið verðið þú að fara að koma skoðanir ykkar á framfæri. Það eru ekki allir allir að fara vera sammála þér en þú verður að muna að standa með öllum þér og þessu samfélaginu.“


Eftir verkefnum framfarðirnar getið verið bærjarfulltrúar

Hvað með framfarðir - hafið þú áhuga að taka þátt í bærjarfulltrúum síðar og verða bærjarfulltrúar? „Ökkur langar áhrif að gera góða hluti í samfélaginu og er bærjarstjórn mjög góðar vettvangur. Þi þess Framfærðir er þetta hja okkar og njotum við eftir að taka að okkur fullt af skemmtilegum verkefnum og eftir að þessu getið verið bærjarfulltrúar.“ segja þessar stótar og skemmtilegar vinkonur all koma.

Mynd 14 Skjaskot af viðtali við formann og varaformann ungmennaráðs sem birtist í Garðapóstinum 3. apríl 2025.

fjárveiting á árinu 2025 um 20 milljónir króna til undirbúnings á stofnun ungmennahúss.

- Samgöngumál: Ungmennaráð hefur verið virkt í umræðu um leiðakerfi og setið fundi með fulltrúa Garðabæjar í Strætó. Fengið ýmsu framgengt til að bæta í og lagfæra, sérstaklega má nefna bætingu á leiðarkerfi út í Urriðaholt og Álfanes. Ungmennaráðið tók líka þátt í vinnu með UNICEF og umboðsmanni barna þessu tengdu.
- Fulltrúar frá ungmennaráði hafa verið fengnir inn í valnefndir í hvatningarsjóði ungra listamanna á vegum menningar- og safnanefndar og einnig fengið að koma að vali á Garðabæingum ársins.
- Bein samskipti við bærarstjóra og bærarstjórn milliliðalaust eru meiri og eins og fulltrúar ungmennaráðs segja sjálf ..., þau vita hver við erum“.
- Ungmennaráð hefur verið duglegra við að koma sér á framfæri og má sjá það m.a. í fréttum og viðtölum í Garðapóstinum í prentútgáfu blaðsins sem og á vefmiðli þess. [Sjá hér dæmi í frétt frá 2. apríl 2025.](#)
- Ungmennaráð Garðabæjar heldur m.a. úti reikningum á samfélagsmiðlunum Instagram og TikTok. Þar setja þau inn kynningarefni á ungmennaráðinu. Á samfélagsmiðlunum hefur ungmennaráð einnig sett inn auglýsingar fyrir stærri viðburði félagsmiðstöðva í Garðabæ. Þau nýta einnig miðlana til að setja inn ýmsa hlekki tengt ungu fólki í Garðabæ, t.d. þegar kosningar um „Betri Garðabæ“ stóðu yfir. Jafnframt hafa þau deilt fréttum þar, s.s. um breytingu á strætótíma.



Mynd 15 Skjásnot af Youtube-rás Ungmennaráðs Garðabæjar þar sem má sjá 3 myndbönd frá árinu 2021 sem ungmennaráð bjó til í tilefni af árlegri forvarnaviku Garðabæjar.

Aðgerð 14 Ungmennapíng

Markmið var að Ungmennapíng yrði haldið annað hvert ár og samstarf við skólapiing í skólum. Mæling aðgerðar fólst í ársskýrslu ungmennaráðs, samantekt af ungmennapíngi og afgreiðslu mála frá pínginu.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Ungmennapíng hafa verið haldin nokkrum sinnum í Garðabæ og vel heppnað píng fór fram haustið 2023 með þátttöku 100 ungmenna úr Garðabæ. Niðurstöður píngsins voru teknar saman og málefnum fylgt eftir inn í nefndir bæjarins til frekari umræðu. Næsta ungmennapíng er á dagskrá í haust.

Framkvæmd:

- Fram kom í stöðumatsskýrslunni að ungmennapíng var haldið haustið 2022 og þótti ekki takast sem skyldi. Ákveðið var að halda aftur ungmennapíng árið 2023 og nú af enn meiri krafti þar sem ríflega 100 fulltrúum var boðið í samvinnu við grunnskóla. Yfirskrift píngsins var „Hvernig get ég haft áhrif? – Hvernig getum við haft áhrif saman?“. Ungmennapíngið fór fram í íþróttamiðstöðinni Ásgarði. Ungmennaráðið hafði veg og vanda af skipulagningu og dagskrá og úrvinnslu á niðurstöðum. Píngið var afar vel sótt en þátttakendur voru valdir af handahófi frá mismunandi skólum. Formaður ungmennaráðs setti píngið og Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar ávarpaði þátttakendur og flutti stutta ræðu. Síðan voru umræður á borðum þar sem rætt var um skólamál, samgöngur í Garðabæ og framboð tólmstunda fyrir ungmenntu í Garðabæ. Í kjölfar píngsins var unnin greinargerð og málefnum fylgt eftir inn í nefndir og bæjarstjórn til að skapa umræðuvettvang.
- Ungmennaráð hefur rætt um að tengjast betur skólapiingum nemenda í grunnskólum, t.d. með því að aðstoða og/eða koma ungmennaráðinu á framfæri.



Mynd 16 Frá ungmennaráðspíngi 2023

Sjá frétt á vef Garðabæjar frá 31. október 2023: [„100 unglingar ræddu málefni Garðabæjar“](#).

Aðgerð 15 Ábendingar til ungmennaráðs og bæjarins

Markmið var að koma upp e.k. stafrænu viðmóti s.s. vefsíðu, QR, ábendingavef í umsjón ungmennaráðs þar sem börn geta lagt inn hugmyndir og ráð.

Mæling aðgerðar fólst í ársskýrslu ungmennaráðs.


Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Umræður um með hvaða hætti ætti að standa að þessari aðgerð hafa farið fram í ungmennaráði sem og hjá starfsmönnum bæjarins. Ungmennaráðið hefur staðið fyrir ýmsum kynningum um starfsemi og hlutverk ráðsins og sérstök málefni í tengslum við forvarnaviku í gegnum mismunandi miðla, s.s. samfélagsmiðla, vefi bæjarins og í bæjarblaðinu Garðapóstinum. Ábendingar hafa komið til ungmennaráðs með mismunandi hætti en fremst í gegnum ungmennanæping, fundi, rýnihópavinnu og samtöl.

Framkvæmd:

- Aðgerðin hefur komið til tals af og til í ungmennaráði. Umsjónarmaður BVS hefur fundað með samskiptadeild bæjarins um hvernig hægt sé að bæta almenna ímynd á samfélagsmiðlum um ungmennaráðið. Ungmennaráðið hefur einnig markvisst unnið að meiri umfjöllun um ráðið eins og kemur fram í aðgerð 13 um eflingu ungmennaráðs, s.s. í umfjöllun í fréttum á vef Garðabæjar og í Garðapóstinum í prentútgáfu og á vef. Einnig hefur verkefnahópur ungmennaráðs verið að störfum við að útbúa sérstakt lógó ungmennaráðs. Ungmennaráð hefur einnig útbúið ýmis myndbönd tengd starfi ráðsins og í tengslum við árlega forvarnaviku bæjarins.
- Ungmennaráðið hefur nýtt sér samfélagsmiðilinn Instagram þar sem ráðið er með eigin Instagram síðu ([ungmennarad_gbr](#)), þar sem þau hvetja alla til að senda þeim skilaboð um hvernig hægt er að gera Garðabæ betri. Á Instagram hafa þau kynnt ungmennaráðið og komið upplýsingum á framfæri. Qr kóða sem vísar beint inn á Instagram reikning ungmennaráðs er hægt að nýta í prentefni til að vekja athygli á starfi ungmennaráðs og til að hvetja börn og ungmenni til að senda inn hugmyndir til ungmennaráðs.
- Einnig hefur ráðið af og til og komið upplýsingum á framfæri til annarra nemenda gegnum félagsmiðstöðvar og verið í samskiptum við skóla og skólustjóra. Einnig hafa fulltrúar úr ungmennaráði kynnt sig á rýnifundum barna. Í tengslum við ungmennanæpingin 2022 og 2023 var góð kynning á ungmennaráði og málefnum ungmenna. Ráðið hefur verið sýnilegt á viðburðum ungmenna og aðstoðað á viðburðum félagsmiðstöðva.
- Ábendingar frá börnum og ungmennum hafa undanfarin ár mest safnast saman í gegnum ungmennanæping, fundi, rýnihópavinnu og samtöl heldur en í gegnum stafrænt viðmót þótt ráðið hafi kynnt sig í gegnum samfélagsmiðla og bent á að hægt sé að senda þeim ábendingar og hugmyndir í gegnum m.a. Instagram.
- Á vef Garðabæjar er að finna [almennar upplýsingar um ungmennaráð Garðabæjar](#) og þar eru líka netföng umsjónarmanns ungmennaráðs sem og sérstakt netfang fyrir ungmennaráð, ungmennarad@gardabaer.is þar sem ungmenni sem og aðrir geta sent inn fyrirspurnir um starf ungmennaráðs. Ráðgert er að endurskoða upplýsingar um ráðið á vef bæjarins þegar nýr vefur



Mynd 17 Lógó (merki) ungmennaráðs Garðabæjar eins og það birtist á Instagram ráðsins.




Mynd 18 Qr kóði sem vísar inn á Instagram síðu Ungmennaráðs Garðabæjar

Garðabæjar kemur í gagnið á árinu 2026. Í vinnu við nýjan vef Garðabæjar verður m.a. áhersla á sérstakt svæði/síðu fyrir börn og ungmenni þar sem þau geta nálgast upplýsingar um m.a. ungmennaráð sem og með hvaða hætti börn og ungmenni geta komið upplýsingum á framfæri við ungmennaráðið og gæti það verið hluti af næstu aðgerðaáætlun BVS.

- Þess má geta að eins og fram kom í stöðumati Garðabæjar þá er þegar búið að setja upp sérstakan [tilkynningarhnapp fyrir börn í tengslum við barnavernd á vef Garðabæjar](#) þar sem börn geta sent inn upplýsingar og í kjölfarið hefur barnaverndarstarfsmaður samband við viðkomandi barn.



Mynd 19 Kyning á ungmennaráði Garðabæjar, skjáskot af Instagram síðu ungmennaráðs



Mynd 20 Hvatning frá ungmennaráði um að senda inn spurningar og hugmyndir, skjáskot af Instagram síðu ungmennaráðs Garðabæjar

Aðgerð 16 Málefnaþópar barna

Markmið var að fjölga tækifærum ólíkra hópa barna til að ræða skoðanir sínar. Mæling aðgerðar fólst í niðurstöðum funda og upplýsingum um áhrif og úrvinnslu.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Völdum ólíkum hópum barna úr þremur mismunandi skólum var boðað til þriggja málefnaþópa fundar þar sem gafst tækifæri til að ræða ýmis málefni í minni hópum. Sú leið þótti henta vel til að ná fram ólíkar raddir og góð aðferð fyrir börn að þjálfast í þátttökulýðræði. Einnig var sérstakt rýniverkefni þar sem starfsmaður velferðarsviðs átti samtöl við nokkur börn sem hafa komið hingað á flótt. Margar góðar ábendingar komu úr þessari rýnihópavinnu og samtölum sem hafa verið teknar til áframhaldandi rýni og skoðunar í stjórnkerfinu sem og hjá ungmennaráði.

Framkvæmd:

- Í stöðumatsvinnu voru kallaðir til rýnihópar barna þegar verið var að vinna aðgerðaráætlun og þótti það takast vel til. Aðferðin að velja ólíka hópa barna og boða til fundar um ýmis málefni gafst vel og góð leið fyrir börn að þjálfast í þátttökulýðræði. Því var ákveðið að setja þetta fram sem aðgerð í aðgerðaáætlun Garðabæjar og kalla á ný til hópa barna að taka þátt í málefnavinnu þar sem nýir og yngri nemendur frá fleiri skólum en í stöðumatinu voru fengnir að borðinu.
- Kallaðir voru saman hópar í þrjú skipti frá þremur skólum og gafst börnum tækifæri að tjá sig um umhverfi, tómstundir og fleira sem stóð þeim nærri. Bæjarstjóri gaf sér tíma til að kíkja við í málefnaþópa vinnuna og það skipti börnin miklu máli að heyra beint frá honum hvernig þarf að forgangsraða málum eftir stærð og mikilvægi og einnig hversu mikilvægt væri að hlusta eftir röddum allra íbúa, þar á meðal barna. Margt áhugavert kom fram í málefnaþópa vinnunni og töluvert var um góðar ábendingar varðandi umhverfi, hættur, hvað megi bæta á skólalóðum, meiri heilsugæslu í skóla, umferð við skóla, láta skóladaginn byrja seinna, að skólar séu búnir á sama tíma, matarmál nemenda svo fátt eitt sé nefnt. Uppskeran var mikil eða um 200-300 punktar frá hverjum hóp og voru niðurstöður dregnar saman og hugmyndir og ábendingar komnar áleiðis inn í stjórnsýsluna og þá helst til umhverfissviðs, íþrótt- og tómstundaráðs, til viðkomandi skóla og/eða skólaráðs. Ungmennaráðið tók einnig afraksturinn og nýtti inn í sitt málefna starf. Ungmennaráð tók jafnframt þátt í framkvæmdinni og fulltrúar ráðsins voru fengnir til að vera með, kynna sig og aðstoða á umræðuborðum. Virkar eins og smáþing barna ef svo má að orði komast.
- Fjórtíu rýniverkefnið var síðan að eiga samtöl við börn á flótt og afar gott að fá að heyra raddir og upplifun og áskorun þeirra í nýju samfélagi. Starfsmaður á velferðarsviði ræddi við þrjá einstaklinga, tvo drengi og eina stúlku. Það kom ánægjulega á óvart að þau létu vel af veru sinni og hrósuðu sérstaklega íþróttafélagi og skóla og almennt hvað vel væri tekið á móti þeim. Þau fundu fyrir meira frelsi en þau þekktu og minni aga. Helst var það meiri kuldi sem þurfti að venjast en þau upplifa meira öryggi hér á landi. Almennt var niðurstaða samtalsins að allir væru mjög hjálplegir við að aðlagast í nýju landi og gott að búa hér.
- Það liggja mikil tækifæri í þessu formi og möguleikum til að þróa, bæta úrvinnslu og ungmennaráðið sem og svið bæjarins og nefndir geta tekið þetta lengra og nýtt sem eitt af sínum verkfærum til samtals við börn. Þegar barnvænu hagsmunamati verður komið á (sjá aðgerð 7) er



Mynd 21 Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar tekur þátt í málefnaþópa vinnu barna sem fór fram í Sveinatungu, dags. xxxx

rýnihópavinna barna eitthvað sem hægt er að nota áfram til að efla þátttökuleiðir barna.

Aðgerð 17 Raddir barna í skipulags- og umhverfismálum

Markmið var að börn væru höfð með í vinnu við skipulagsmál og væru með skipulögðum hætti virkjuð til þátttöku. Mæling aðgerðar fólst í þátttöku í ákvarðanaferli, fundargerðum, hugmyndum og framkvæmd þeirra.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Í gegnum samráðsvettvang eins og ungmennabæing, skólubæing og rýnihópa barna og ungmenna hafa komið fram fjölmargar ábendingar sem hafa nýst við vinnu í skipulagsmálum hjá umhverfissviði Garðabæjar. Leitað hefur verið til ungmennaráðs í einstaka verkefnum s.s. í hugmyndavinnu í tengslum við barnvænt móttökurými í ráðhúsi Garðabæjar. Ungmennni hafa einnig verið hvött til þátttöku í samráðsverkefninu Betri Garðabæ þar sem þau hafa sent inn hugmyndir og kosið um verkefni.

Framkvæmd:

- Markmið aðgerðarinnar var að fastsetja vinnubrögð sem tryggi aðkomu barna að skipulagsmálum sem varða börn og þeirra umhverfi. Horft var til þess að geta notað sniðmát og gátlista varðandi barnvænt hagsmunamat þegar búið yrði að þróa það, sjá aðgerð nr 7. Ungmennaráð fái einhvers konar aðkomu að skipulagsvinnu og það fengið til rýni þegar við á.

- Mikill vilji er á umhverfissviði Garðabæjar að viðhafa verklag sem tengir börn inn í stærri ákvarðanatöku sem hefur áhrif á umhverfi þeirra. Umhverfissvið hefur hvatt til þess að skólar og nemendur komi að vinnu og rýni á sínu umhverfi og aðstöðu, t.d. skólalóðum.

Í einfaldari og skýrari verkefnum sem snúa að beinum viðhalds- og endurbótaverkefnum er kominn ágætur farvegur og ábendingar barna koma nú þegar eftir ýmsum leiðum. Þar má nefna mál sem eru tekin fyrir í skólaráðum þar sem nemendur eiga fulltrúa, beinar ábendingar frá ungmennaráði Garðabæjar og ungmennabæingum sem og ábendingar frá reglubundnum rýnifundum barna (sjá aðgerðir nr. 13,14,15 og 16) þar sem ábendingar fara m.a. til umhverfissviðs og eignasjóðs. Oft eru ábendingarnar atriði sem auðvelt er að bregðast skjótt við en stundum þarf að forgangsraða til að bæta ýmislegt í umhverfi barna að þeirra óskum. Dæmi um ábendingar sem hafa komið frá börnum varðandi umhverfi sitt eru:

Ljósastaurarnir í Vinagarði slokkna aðeins of snemma / Leiktæki fyrir stór og smá / Fjölga knattmörkum á velli / Hundagerði til að sleppa hundum

- Skemmtileg nálgun varð til þar sem ungmennaráð tók þátt með beinum hætti í verkefni um barnvænt móttökurými í ráðhúsi Garðabæjar, hafa gefið álit sitt á framkvæmdina og komið ábendingum til arkitekta (sjá einnig umfjöllun um aðgerð 11).
- Í samráðsverkefninu [Betri Garðabæ](#) sem hefur verið haldið í þrjú skipti hafa börn og ungmenni verið hvött til að taka þátt með því að senda inn hugmyndir og skólar hafa verið upplýstir um verkefnið og hvött til að taka það inn í umræðu og kennslu um lýðræði í skólum. Einnig gátu börn 15 ára og eldri tekið þátt í kosningum verkefnisins. Verkefni sem hafa hlotið brautargengi í Betri Garðabæ hafa oft en ekki tengst umhverfi barna í bænum.



Mynd 22 Dæmi um gagnlegar og góðar ábendingar barna um Vinagarð, nýtt leik- og útsvæði í Urriðaholti

Aðgerð 18 Barnvænir leikvöllir

Markmið var að bæta leikvelli og almenningsleiksvæði bæjarins og komið væri til móts við yngstu börnin. Mæling aðgerðarinnar fólst í nýjum og endurbættum völlum á tímabilinu 2020-2024.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Á undanförunum árum hefur verið sérstakt átak í að endurbæta eldri leikvelli í bænum sem og að búa til nýja leikvelli í nýrri hverfum sem eru í uppbyggingu. Ábendingar og hugmyndir barna og ungmenna varðandi leikvelli hafa verið teknar til skoðunar og tekið tillit til þeirra þar sem hægt hefur verið. Vel hefur tekist til með endurgerð leikvalla og eru þeir fjölbreyttir að stærð og gerð og þjóna breiðu aldursbili. Einnig hefur verið lögð áhersla á að kynna leikvöllina og fjölbreytta valkosti til útiveru fyrir bæjarbúa með umfjöllun á vef Garðabæjar og víðar auk þess sem hægt er að sjá upplýsingar um leikvelli og staðsetningu þeirra á kortavef Garðabæjar.

Framkvæmd:

- Í Garðabæ eru um 50 leikvöllir, margir þeirra eru nýir og aðrir hafa verið í miklum endurbótum á undanförunum árum. Áherslur eru á að leiksvæðin séu þannig gerð að þau þjóni breiðu aldursbili barna. Umsjónarmaður BVS hefur verið í beinu sambandi við viðhaldsaðila vallanna og lagt inn hugmyndir frá rýnihópum og ábendingar sem komu fram í stöðumati. Tekið hefur verið tillit til þeirra ábendinga eins og hægt er síðustu ár við endurbætur og uppbyggingu leikvalla.



Mynd 23 Vinagarður, nýr bæjargarður í Urriðaholti þar sem börn á öllum aldri geta notið útivistar.

- Í kjölfar vinnustofu með rýnihópi barna í Urriðaholti lagði bæjarstjóri Garðabæjar m.a. áherslu á að framkvæmdum við Vinagarð, nýr bæjargarður með leik-, íþrótt- og útivistarsvæði í Urriðaholti, yrði flýtt eins og hægt væri þar sem krökkunum var tíðrætt um að sárlega vantaði miðlægan leikvöll og aðstöðu til að hittast úti í hverfinu.
- Leikvöllir eru listaðir upp á kortavef Garðabæjar þar sem hægt er að sjá lýsingu og mynd af leikvöllum. Fjallað hefur verið um endurbætur á leikvöllum og sagt frá í umfjöllun á vef Garðabæjar og í Garðapóstinum til að láta íbúa vita af þessum fjölbreyttu valkostum til útiveru í bænum.
- Hér í þessum kafla má sjá nokkrar myndir sem sýna vel áherslurnar og víða hefur verið bætt við ungbarnarólum og sérstök áhersla á að allir geti notið og nýtt. Láttum myndirnar tala sínu máli.

Frétt frá 24. janúar 2023 á vef Garðabæjar: [Fjölmargir nýir leikvöllir í Garðabæ](#)

Frétt frá 17. maí 2023 á vef Garðabæjar: [Endurnýjun opinna leikvalla í Garðabæ](#)

Frétt frá 29. júní 2023 á vef Garðabæjar: [Líf og fjör í Vinagarði](#)




Mynd 24 Ungbarnaleikvöllur við Litlubæjarvör á Álfanesi, mynd tekin þegar leikvöllur var í vinnslu árið 2024.



Mynd 25 Nýlegur völlur við Blikastíg á Álfanesi. Lægri körfuboltakörfur fyrir yngri börn.




Mynd 26, Tilvitnun úr stöðumati: „Lika eitthvað fyrir litlu“
Endurbættur leikvöllur í Lyngmóum, vor 2025.



Mynd 27 Nýr leikvöllur í Urriðaholti, ungbarnaróður, frá árinu 2024.



Mynd 28 Leikvöllur við Norðurtún á Álfanesi, mynd tekin sumarið 2022.



Mynd 29 Nýr leikvöllur í Sjálandshverfi, mynd tekin sumarið 2022.

FÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA OG VIRKNI

Aðgerð 19 Félagsstarf fyrir hinsegin börn

Markmið var að styrkja stöðu barna sem eru hinsegin og taka stöðu með fjölbreytileika barna. Mæling aðgerðar fólst í starfsskýrslum og samantektum á fundum forstöðumanna félagsmiðstöðva.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Í félagsmiðstöðvum ungmenna í Garðabæ hefur verið lögð áhersla á opið umhverfi þar sem öll ungmenni eiga að geta fundið sér samanstað. Félagsmiðstöðvar í Garðabæ hafa verið í samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu um að bjóða upp á sérstakar opnanir og viðburði fyrir hinsegin ungmenni. Vorið 2025 buðu félagsmiðstöðvar í Garðabæ í sameiningu upp á opið hús fyrir hinsegin ungmenni í Garðabæ og vonir standa til að það geti verið reglulegur viðburður.

Framkvæmd:

- Á vettvangi félagsmiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu hefur á undanförunum árum verið sterkt ákall um félagsstarf sem væri sérhannað fyrir hinsegin samfélagið og þau sem vildu styðja við það. Við gerð aðgerðaáætlunar Garðabæjar var lagt upp með að prófa tilboð fyrir hinsegin unglinga til að styrkja stöðu þeirra. Einnig kom fram í stöðumatvinnu að nokkur börn/ungmenni skilgreindu sig sem annað en hefðbundið kyn. Markmiðið var að bjóða upp á einhvers konar tilboð fyrir unglinga sem e.t.v. voru ekki að finna sig í almennu félagslífi og að styrkja stöðu þeirra. Starfsmönnum félagsmiðstöðvanna er einnig ætlað mikilvægt hlutverk í upplýsingagjöf og að tala gegn fordómum og sýna umburðarlyndi.
- Í samstarfi félagsmiðstöðva í Garðabæ hefur forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Elítunnar á Álftanesi haft frumkvæði að þessum verkefnum í Garðabæ og leitað samstarfs við aðra aðila í nærliggjandi bæjarfélögum. Ungmennum í Garðabæ var kynnt tilboð veturinn 2023 þar sem þau höfðu tækifæri til að taka þátt í hinsegin starfsemi í samstarfi við Hafnarfjörð. Auglýsingar og skýringarmyndir voru settar upp, bæði í félagsmiðstöðvum og á samfélagsmiðlinum Instagram. Nokkrir nýttu sér tilboðið og tóku þátt í starfinu.
- Skoðanir forstöðumanna og starfsmanna eru að grundvallarhugmyndin sé að hinsegin unglingar eigi að finna sig í allri starfsemi og eigi að geta átt eðlilega samleið með öðrum og hefur það reynst vel. Í starfi félagsmiðstöðva í Garðabæ hefur hinseginleikinn alltaf verið sjálfsagður og sýnilegur þáttur. Félagsmiðstöðvarnar leggja ríka áherslu á að skapa opið og samþykkjandi umhverfi þar sem allir unglingar geti átt auðvelt með að vera þeir sjálfir. Þetta felur í sér að halda áfram að styrkja jaðarhópa, skapa þægilegt rými fyrir umræðu og sýna stuðning með táknrænum sýnileika, svo sem litaveifum, veggspjöldum og öðru sem sýnir samstöðu. Með þessu er verið að lágmarka fordóma og byggja upp samfélag sem virðir fjölbreytileika og mannréttindi, og gera það ljóst að öllum beri að njóta virðingar og sjálfsvirðingar.
- Vorið 2025 héldu félagsmiðstöðvar í Garðabæ sameiginlegt opið hús fyrir hinsegin unglinga í Garðabæ. Væntingar eru um að fá hinsegin unglingana í Garðabæ til að sækja félagsstarf í sínu eigin bæjarfélagi og að þetta verði reglulegur viðburður í framtíðinni. [Sjá auglýsingu í viðburðadagatali á vef Garðabæjar.](#)



Mynd 30 Auglýsing félagsmiðstöðva Garðabæjar um „Hinseginopnun í Garðalundi“ vorið 2025.

Aðgerð 20 Aukið félagsstarf fyrir 10-12 ára börn

Markmið var að efla miðdeildarstarf félagsmiðstöðva fyrir 10-12 ára.

Mæling aðgerðar fólst í ráðningu umsjónarmanna og starfsáætlunum félagsmiðstöðva varðandi miðdeildarstarf.


Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Búið er að efla og festa í sessi félagsstarf fyrir nemendur í miðdeild grunnskóla að loknum skóladegi. Í fyrstu var það í umsjón félagsmiðstöðva fyrir ungmenni en hefur þróast yfir að vera hluti af samstarfi við frístundaheimili grunnskóla. Aukið fjármagn hefur verið lagt í þetta starf á síðustu árum. Einnig hefur verið í samstarfi við félög í bænum lögð áhersla á fjölbreytt úrval af sumarnámskeiðum og þá sérstaklega í ágúst til að brúa bil áður en hefðbundið skólstarf hefst.

Framkvæmd:

- Í stöðumati kom fram að félagsstarf fyrir 10-12 ára börn var í tveimur grunnskólum, Álfthanesskóla og Sjólandsskóla, en að efla þyrfti það í öðrum grunnskólum. Veturinn 2022-2023 voru keyrð tilraunaverkefni í Hofstaða og Flataskóla þar sem félagsstarf fyrir miðdeild grunnskólanemenda var í umsjón starfsfólks félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar. Starfið fór í bið þegar breyta þegar gera þurfti tilfærslur á húsnæði vegna tímabundinna viðgerða á húsnæði umræddra skóla. Dýrmæt reynsla og þekking varð til í þessu tilraunaverkefni sem hægt er að nýta áfram og fyrir liggur skýrsla umsjónarmanna um hvað var gert. Haustið 2024 var húsnæði komið í lag og farið var í að endurvekjast starfið og að þessu sinni var það tengt við frístundaheimili grunnskólanna og undir leiðsögn starfsmanna þar. Á fjárhagsárinu 2024-2025 voru stofnaðar tvær 10-12 ára félagsmiðstöðvar, í Dropinn í Hofstaðaskóla og Fjaran í Flataskóla.
- Í Urriðaholtsskóla var komið á félagsstarfi/miðdeildarstarfi með aðstoð starfsfólks úr félagsmiðstöðinni Klakanum í Sjólandsskóla á árunum 2021-2022 sem hefur haldið áfram að þróast. Í Urriðaholtsskóla var lögð áhersla á stofnun nýrrar félagsmiðstöðvar og á árinu 2023 var ráðinn inn nýr forstöðumaður þar og félagsmiðstöðin Urri formlega stofnuð.
- Á síðastliðnum árum hefur félagsstarf fyrir 10-12 ára í félagsmiðstöðvum vaxið og eflst og viðbótarfjármagn hefur fest það betur í sessi.
- Á aðgerðatímabilinu hefur einnig verið aukið við sumarstarfsúrræði fyrir yngri börn og börn sem tilheyra miðstigi og aukið fjármagn hefur verið lagt í það á árunum 2023, 2024 og 2025. Það hefur verið áhersla frá íþrótt- og tómstundaráði Garðabæjar að þetta sumarstarfsmöguleika fyrir yngri árganga. Lagt til aukafjármagn og því beint til íþrótt- og tómstundafélaga að styrkja þeirra áherslur og geta aukið framboð á námskeiðsstarfi í ágústmánuði fyrir yngri aldurshópa.



Mynd 31 Dæmi um dagskrá í miðdeildarstarfi í Flataskóla

Frétt: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/utgefid-efni/frettir/felagsmidstodvarnar-mikilvaegur-vettvangur-i-tilveru-unglinga>

Aðgerð 21 Efla sértækt forvarnastarf félagsmiðstöðva

Markmið var að efla sértækar forvarnir í starfsemi félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Mæling aðgerðar fólst starfsskýrslum félagsmiðstöðva og Vinnuskóla Garðabæjar.

Staða: Lokið

Hvernig tókst til:

Ákveðið var að auka framboð á sértækum forvörnum og félagsmiðstöðvastarfi með því að búa til nýtt hópastarf í samstarfi félagsmiðstöðva og Vinnuskóla Garðabæjar yfir sumartímann. Var það gert frá sumrinu 2023 og hefur því verið framhaldið sumrin 2024 og 2025 og tókst vel til.

Framkvæmd:

- Áhersla Vinnuskóla Garðabæjar var að ráðstafa kostnaði eins flokkstjóra síðustu þrjú sumur til að halda utan um hóp sem ynni sérstaklega að félagsmálum fyrir vinnuskóla og félagsmiðstöð. Nokkurs konar samþætting sem fól í sér tilfærslu frá vinnuskóla til félagsmiðstöðvastarfs og til að efla fræðslu- og forvarnir og beintengja þannig félagsmiðstöðvarstarf við vinnuskólann yfir sumarið. Þessu til viðbótar kom fjármagn til að halda úti sumarstarfi síðdegis og kvöld sem og til námskeiða sem ekki hafa tíðkast áður. Enn fremur var bætt við fjármagni beint til félagsmiðstöðva og eyrnamerkt útieftirliti og götustarfi og til sértækra námskeiða. Nánari upplýsingar má sjá hér fyrir neðan í útdrætti úr skýrslu vinnuskóla varðandi sértækan hóp í samvinnu við félagsmiðstöð. Félagsmiðstöðvarnar settu í gang sumarstarf sem er viðbót s.s. tölvuleikjanámskeið og sumaropnun bæði síðdegis og kvöld. Sumrin 2023 og 2024 tóku félagsmiðstöðvarstarfsmenn í Garðabæ þátt í eftirlits- og vettvangsstarfi eða svonefndu flotastarfi á höfuðborgarsvæðinu.
- Úr skýrslu: Garðalundur vinnuskóli*
„Sumarið 2024 var annað árið í röð keyrt samstarfsverkefni milli félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar og vinnuskóla. Settur saman að vori góður hópur nemenda vinnuskólans sem fékk að taka út sinn starfstíma í tómstundafræðum og leiðtogaþjálfun í Garðalundi undir handleiðslu flokkstjóra frá vinnuskóla og tómstundaleiðbeinanda úr Garðalundi. Starfsmenn í Garðalundi sem sinntu skipulagningu sumarstarfi komu einnig að vinnunni. Lögð var áhersla á að fá inn krakka sem hafa hug til þátttöku og forystu í félagsmálum Garðalundar/Garðaskóla á komandi vetri. Hópurinn fékk m.a. þau verkefni að skipuleggja félagslega viðburði fyrir vinnuskólann, aðstoða 8. bekk og flokkstjóra við hópeflisverkefnið Egó auk þess að leggja upp dagskrá fyrir sumarkvöldstarf Garðalundar. Einnig var byrjað að huga að dagskrá fyrir félagsstarfið næsta haust og vetur. Helstu skipulagsbreytingar frá í fyrra voru að hópurinn var meira takmarkaður við 9. bekkina í þeim tilgangi að valdefla þau sem hafa hug á að halda uppi félagsstarfinu næsta vetur, búa til forskot og þekkingu sem nýtist næsta vetur. Nefna má þá nýng að hafa sérstakar vinnustofur og taka til umfjöllunar ýmis málefni/verkefni/æfingar og ígrunda. Hér má sjá í hnotskurn samantekt af helstu áherslum sumarsins. Leiðtogaþjálfun og samvinna þátttakenda á án vafa eftir að skila sér inn í vetrarstarfið og allir uppskera. Það er okkar mat að til er orðinn góður hópur sem við lítum til og höfum væntingar um að skili góðu verki á komandi vetri.
Thelma Rut Haraldsdóttir flokkstjóri“.

Sambærileg skýrsla um starfið fyrir sumarið 2025 liggur einnig fyrir og nýtist í undirbúning fyrir áframhaldandi starf.

<u>Vika 1</u> <i>Hópefli, Egó & fyrsta sölukynning</i> Hrista hópinn saman (sjá leikjahandbók) Einstaklingsmiðuð styrkjavinna (Hvar liggur þinn styrkur? pakki) Skipulag fyrir EGÓ Hugmyndavinna - framkvæmd á blað - uppbygging kynningu - gera sölukynningu fyrir yfirflokksstjóra	<u>Vika 2</u> <i>Hópefli, 1. EGÓ, skipulag opinna húsa & framkvæmd hugmynda</i> 1 hópur heldur utan um EGÓ Hugmyndavinna fyrir opin hús yfir sumarið Hvað hefur virkað og ekki á opnum húsum? Verkferlar fyrir viðburði sumarsins (framkvæmdaáætlun)	<u>Vika 3</u> <i>2. EGÓ, jákvæð leiðtogahæfni og ábyrgð sem leiðtogi & koma viðburð af stað</i> 2 hópur heldur utan um EGÓ Opið hús (vinna fyrir hádegi/um kvöldið) Jákvæð/neikvæð leiðtogahæfni (pakki) Hvernig er hægt að nýta röddina til góðs? (pakki) Uppsetning viðburðar	<u>Vika 4</u> <i>3. EGÓ, framkvæmdu WORKSHOP, nefndir & viðburðir innan Garðalundar</i> 3 hópur heldur utan um EGÓ Opið hús (vinna fyrir hádegi/um kvöldið) Framkvæmdu WORKSHOP Nefndaskipulag Viðburðir innan Garðalundar (allt frá hugmynd - framkvæmd)
<u>Vika 5</u> <i>4. EGÓ, forvarnavika & boxið WORKSHOP</i> 4 hópur heldur utan um EGÓ Boxið WORKSHOP Opið hús (vinna fyrir hádegi/um kvöldið) Hver hópur tekur fyrir samtök, upplýsir sig og kynnir fyrir rest Senda inn forvarnarverkefni (verðlaunaverkefni forvarnardagsins)	<u>Vika 6</u> <i>5. EGÓ, erasmus sölukynning lokahófs & skipulag viðburða Garðalundar 24-25</i> 5 hópur heldur utan um EGÓ Framkvæðla WORKSHOP Skipulag lokahófs Einn hópur tekur erasmus fyrir Skipulag félagsmálaferðar og annarra viðburða	<u>Vika 7</u> <i>6. EGÓ, þorir þú að stækka WORKSHOP, tiltekt og samskipti og sambönd (pakki)</i> 6 hópur heldur utan um EGÓ Þorir þú að stækka WORKSHOP Lokahóf vinnuskólans Tiltekt í Garðalundi Samskipti og sambönd (pakki)	<u>Vika 8</u> Skýrsla flokkstjóra & samantekt verkefna

Mynd 32 Skjáskot af helstu áherslum sumarsins 2024 í Vinnuskóla Garðabæjar skipt niður á vikur.

Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla Garðabæjar

Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög gekk í heild sinni vel og starfsmenn sýndu verkefninu skilning og áhuga. Eins og fram hefur komið voru aðgerðirnar sem voru valdar til framkvæmdar á innleiðingartímanum alls 21 talsins. Aðgerðirnar fólu í sér fjölmörg verkefni misstór að umfangi. Heilt yfir tókst vel að framkvæma aðgerðirnar en margar eru í eðli sínu þannig að halda þarf áfram vinnunni. Margir voru kallaðir til og virkjaðir til þátttöku í vinnunni á ólíkum stöðum í stjórnkerfi bæjarins. Framkvæmd sumra aðgerða tók einhverjum breytingum frá því sem lagt var upp með en ávallt var horft til þess að ná markmiðum sem fylgdu aðgerðunum.

Löng tímalína verkefnisins í heild sinni gerði það að verkum að innleiðingin náði yfir tvö kjörtímabil og hafði það m.a. áhrif á að koma nýjum fulltrúum ungmennaráðs inn í verkefnið. Einnig urðu mannabreytingar í stýrihópi verkefnisins vegna breytinga í starfsmannahópi sem og kom ný bæjarstjórn að verkefninu. Áhrif á tímalínu verkefnis voru einnig utanaðkomandi þættir eins og covid-tímabilið þar sem leik- og grunnskólar þurftu að halda skólastarfi gangandi eins og hægt var. Að auki hafa verið ýmsar áskoranir þegar ýmsir skólar þurftu að glíma við tilfærslu á húsnaði vegna viðgerða tengt rakaskemmdum.

Vinna við innleiðinguna hefur leitt til þess að starfsmenn sveitarfélagsins hafa í vaxandi mæli reynt að tengja inn raddir barna og fá þau inn í verkefnavinnu þar sem það á við. Innleiðingin og verkefni tengd málefnum barna og ungmennaráðs hafa verið kynnt á vef Garðabæjar og í bæjarblaðinu Garðapóstinum, í nefndum bæjarins, í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og vitnað til á reglulegum íbúafundum. Í aðgerðaáætluninni var ekki sérstakur fókus á fræðslu til íbúa en það er eitthvað sem má bæta úr og horfa til með skýrum hætti í næstu aðgerðaáætlun bæjarins.

Mikilvægt fyrir árangur og framvindu innleiðingarinnar er að fyrir næsta tímabil, þegar aftur verður farið í stöðumat og nýjar aðgerðir mótaðar, að halda tímalínu innan kjörtímabils sveitarstjórna, þannig að verkefnið í heild eigi upphaf og endi á sama kjörtímabili. Einnig er ráðlegt að horfa til þess að aðgerðir sem valdar verða til framkvæmda séu gerlegar innan tímamarka. Fulltrúaskipti geta verið enn örari í ungmennaráði Garðabæjar og því mikilvægt að taka tillit til þess. Næstu sveitarstjórnarkosningar verða vorið 2026 og er það góður upphafspunktur til að halda áfram með verkefnið.

Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og styrkja bæði börn og fullorðna í þeirri vegferð að innleiða réttindi Barnasáttmálans í starfsemi Garðabæjar. Hér á eftir má lesa nokkur orð frá einstaka fulltrúum úr stýrihópi verkefnisins og að lokum fylgir skýrsla ungmennaráðs Garðabæjar um innleiðinguna.

Ummæli einstaka fulltrúa úr stýrihópi Garðabæjar:

- *Björg Fenger, formaður stýrihóps BVS, bæjarfulltrúi, formaður bæjarráðs og formaður skipulagsnefndar:*

„Garðabær hóf formlega þátttöku í verkefninu Barnvæn sveitarfélag með það að leiðarljósi að styrkja og bæta þjónustu, aðgengi og umgjörð enn frekar í kringum börn og ungmenni í bæjarfélaginu.

Verkefnið hefur mælst vel fyrir hjá íbúum og starfsfólki sveitarfélagsins og mörg jákvæð skref hafa verið stigin í átt að aukinni barnvænni stjórnsýslu. Þrátt fyrir góða byrjun komu þó upp ytri aðstæður sem tafið hafa innleiðingarferlið, þar á meðal heimsfaraldur og mannabreytingar í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Þessar áskoranir hafa þó ekki dregið úr vilja bæjarins til að halda áfram þátttöku í verkefninu.

Á meðal mikilvægra umbóta sem orðið hafa má nefna eflingu ungmennaráðs Garðabæjar og reglubundna fundi þess með bæjarstjórn. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt samráðsvettvang milli

ungmenna og stjórnenda sveitarfélagsins og stuðlað að aukinni lýðræðislegri þátttöku barna og ungmenna. Þá hefur verkefnið einnig haft jákvæð áhrif á starf innan leik- og grunnskóla, þar sem unnið hefur verið markvisst að því að samþætta Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna við skólastarf og skapa vettvang fyrir rödd barna.

Við innleiðingu verkefnisins í Garðabæ höfum við náð árangri, tekist á við ýmsar áskoranir sem og sett okkur framtíðarsýn en umfram allt höfum við varpað enn betra ljósi á mikilvægi þess að skapa samfélag þar sem börn eru ekki aðeins viðtakendur þjónustu, heldur virkir þátttakendur í mótun þess samfélags sem þau lifa í.“

- *Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði Garðabæjar:* „Á undanförunum árum hefur fjármáladeild átt gott samtal við ungmennaráð í tengslum við fjárhagsáætlunarvinnu næsta árs.

Á fundum með ráðinu hefur verið farið yfir helstu stærðir áætlunarinnar og fyrirhugaðar framkvæmdir. Góðar umræður hafa verið á fundunum og hefur ungmennaráðið komið með ýmsar ábendingar.

Þessi samtöl með ungmennaráðinu hafa orðið til þess að enn betur er nú hugað að þörfum barna og ungmenna en áður og aðilar meðvitaðri um þarfir þessa hóps.“

Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn



Mynd 33 Úr greinargerð með fjárhagsáætlun Garðabæjar 2023-2026, bls 6.

- *Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi á fræðslu- og frístundasviði* kom inn á síðari stigum í stýrihóp BVS. Að hennar mati er hægt að sjá breytingar á áherslum í starfi leikskólanna í kjölfar samvinnuverkefnis RannUng og Garðabæjar um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. „Margir leikskólar eru um þessar mundir að endurskoða skólanámskrár sínar þar sem hægt er að sjá margvíslegar breytingar t.a.m. auknar áherslur á lýðræði barna. Sem dæmi um slíkt má benda á elsta leikskóla bæjarins Bæjarból þar sem þegar hafa litið dagsins ljós breytingar á matmálstímum með innleiðingu á matstofu barna. Einnig hafa áherslur [Próunarsjóðs leiks- og grunnskóla Garðabæjar](#) leitt til þess að fleiri verkefni sem snúa að barnvænu sveitarfélagi, með áherslu á lýðræði og rödd barna, hafa litið dagsins ljós. Má þar nefna verkefni leikskólans Hæðarbóls *Leggjum við hlustir – börn hafa rödd* og verkefni leikskólans Kirkjubóls *Leið til sjálfstæðis*.“
- *Sigurður Flosason ráðgjafi í barnavernd á velferðarsviði:* „Jákvæðustu breytingarnar fyrir mér er að sjá breytingar á samstarfsfólki eftir fræðslu og áhuga á að finna leiðir til að tengja við réttindamiðaða nálgun. Ánægjulegt að sjá að hugmyndir um barnvænna móttökurými urðu að veruleika.“

- Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar grunnskóla:* „Þessi vinna hefur stillt saman strengi okkar og aukið heildræna nálgun á málefni og velferð barna í sveitarfélaginu. Nýr Samskiptasáttmáli sem áður var Eineltisáætlun tekur á sameiginlegri nálgun aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna þar sem áhersla er á að efla samskiptafærni og grípa inn í sem fyrst ef til samskiptavanda kemur. Í grunnskólunum hefur verið mikil áhersla á að efla lýðræði nemenda og tryggja að þeir eigi rödd sem hlustað er á. Þar má nefna þróunarverkefnið „Nemendastýrð foreldrasamtöl“ en þá undirbúa og stýra nemendur foreldraviðtali í samvinnu við umsjónarkennara sinn. Bæjarstjórn fundar reglulega með ungmennaráði og fær nú fundargerðir þeirra inn á bæjarstjórnarfundi þannig að samvinnan er nánari og þéttari. Ungmennaráð á hrós skilið fyrir vel undirbúna og faglega fundi þar sem ýmis mál sem snerta þjónustu við ungmenni hafa verið tekin áfram og kláruð fyrir þeirra frumkvæði.“
- Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar, sat í stýrihópnum í fyrstu sem kjörinn bæjarfulltrúi og formaður fjölskylduráðs (nú velferðarráðs):*

„Það hefur verið lærdómsríkt að fá að taka þátt í þessu ferli við innleiðingu Barnasáttmálans með formlegum hætti inn í starfsemi Garðabæjar. Í upphafi innleiðingarinnar var farið í stöðumat þar sem mikilvæg greining og kortlagning fór fram um stöðu barna og réttindi þeirra innan sveitarfélagsins. Sú greining leiddi af sér aðgerðaráætlun til að vinna enn frekar að því að styrkja og efla réttindi barna í anda Barnasáttmálans.

Í starfi mínu sem bæjarstjóri hef ég fengið að taka þátt í fjölmörgum verkefnum tengdum aðgerðaráætlun bæjarins og hef ég haft sérstaka ánægju af öllum þeim samtölum sem ég hef átt við börn og ungmenni á öllum skólastigum, með ungmennaráði, á ungmennahópi og í rýnihópavinnu. Það er dýrmætt að geta átt í góðu samtali við börn þar sem er hlustað á hvað þau hafa fram að færa og ekki síður mikilvægt að geta svo unnið áfram með afurðir úr hvers kyns samtölum og samráði við börn og ungmenni til að gera góðan bæ betri. Innleiðing Barnasáttmálans styður vel við meginmarkmið lýðræðisstefnu Garðabæjar um *þátttöku, þekkingu og þróun* þar sem börn geta tekið þátt í samráðsferlum með sín sjónarmið, fræðsla til barna og fullorðinna um réttindi barna styður við þekkingu og þannig er hægt að þróa áfram nýjar leiðir til að efla þjónustu og lífsgæði í samfélaginu okkar.“

Skýrsla ungmennaráðs Garðabæjar

Nokkrir fulltrúar ungmennaráðs sátu á tímabilum í stýrihópi fyrir Barnvænt sveitarfélag (BVS). Þar sem verkefnið tók yfir tiltekið langan tíma var setan ekki samfelld.

Ungmennaráðið hóf þátttöku í BVS 2020 við undirritun samkomulags þegar Covid faraldurinn geysaði. Nokkrir fulltrúar ráðsins heimsóttu UNICEF og voru á námskeiði í byrjun vegna verkefnisins bæði með stýrihópi og einnig sérstaklega með UNICEF. Þegar stýrihópurinn varð til var Anna Karen Elvarsdóttir formaður ungmennaráðs (UR) og tók þátt í vinnu við stöðugreiningu og mótun fyrstu hugmynda að aðgerðaáætlun ásamt ýmist þeim Hrannari Mána Ólafssyni fulltrúa í ungmennaráði eða Aski Hannessyni varaformanni ungmennaráðs.



Mynd 34 Frá undirritun samnings um BVS í október 2020, í fremri röð eru umsjónarmaður ungmennaráðs og fulltrúar úr ungmennaráði, í aftari röð fulltrúar Garðabæjar, Félags- og barnamálaráðuneytis og UNICEF. Eins og sést á fjarlægð milli einstaklinga var þetta á tímum Covid.

Aðspurð er þetta upplifun Önnu Karenar: „Þegar ég var 17 ára tók ég þátt í verkefni sem heitir Barnvænt samfélag í gegnum ungmennaráðið í Garðabæ. Það var virkilega góð og jákvæð reynsla. Ég fékk tækifæri til að taka þátt í umræðum sem skipta máli og fann að mín rödd skipti máli. Það var mjög styrkjandi að fá að koma hugmyndum á framfæri og sjá að það sem við í ungmennaráðinu sögðum hafði áhrif. Verkefnið hjálpaði mér að átta mig betur á því hvernig við getum haft áhrif á nærumhverfið okkar og hvernig lýðræði virkar í raun og veru – líka fyrir ungt fólk. Það var sérstaklega gott að finna að börn og unglingar voru teknir alvarlega. Ég fann fyrir virðingu og hlustun, sem var bæði hvetjandi og gefandi. Allt í allt var þetta frábær reynsla sem ég myndi klárlega mæla með fyrir alla sem vilja láta til sín taka og sjá jákvæðar breytingar í samfélaginu sínu.“

Askur og Hrannar voru svo töluvert í vinnunni í stýrihópnum og fylgdu verkefninu um tíma. Í tengslum við BVS (Barnvænt sveitarfélag) fór ráðið að undirbúa ungmennaping sem var hluti af verkefninu sem haldið var haustið 2022 og til að skila inn áherslum og hugmyndum frá ráðinu. Umsjónarmaður BVS kom nokkrum sinnum á fundi og kynnti aðgerðasmíð og stöðuna á verkefninu. Sumar aðgerðir í BVS lögðu áherslu á að styrkja starfsemi ungmennaráðsins og efla. Ráðið fór að funda á bæjarskrifstofunum og íþrótt- og tómstundaráð samþykkti laun fyrir fulltrúa, ráðið vann í verkefni með menningarnefnd um listasjóð ungs fólks, og í nefnd um Garðabæing ársins og fundir urðu skipulagðari og haldnir oftari. Fleiri fóru að hafa samband við okkur og heyra frá okkur. Fengum heimsóknir og fræðslu um fjármál bæjarins og hittum fleiri stjórnendur bæjarins sem ráða. Vorum einnig að tengjast öðrum ungmennaráðum og voru í samskiptum við krakkana á Akureyri og Reykjanesbæ og fengum hugmyndir frá þeim. Það var líka meiri stuðningur að gera verkefni sem við höfðum áhuga á og unnum t.d. með fulltrúm UR myndbönd í tengslum við forvarnaviku. Á innleiðingartímanum hefur verið töluvert um fulltrúabreytingar í ráðinu og einnig í stýrihópnum sem byrjaði.

Valgerður Eyja Eypórsdóttir sem síðar varð formaður UR 23-24 hefur þessa upplifun:

„.....Þegar ég kem inn í stýrihópinn er gerð aðgerðaráætlunar að mestu lokið og fundir sem ég mætti á voru stöðufundir og vinnan að mestu búin. Ég hef þó fundið fyrir því að fulltrúar bæjarstjórnar tali enn betur við okkur í ungmennaráðinu í dag en þau gerðu þegar ég kem fyrst inn í ungmennaráðið árið 2018.

Ég er alveg ótrúlega þakklát fyrir þessa þróun og finnst gaman að sjá hvað nýir fulltrúar ungmennaráðsins eru komnir með góðar tengingar við bæjarstjórn og ýmis konar tækifæri sem þau fá í dag, þá þökk sé þessa verkefni. Þó breytingarnar hafa gerst hægt þá sé ég árangur en ég veit þó að verkefnið er ekki búið, enda er þetta bara rétt að byrja og ég hlakka svo innilega til að sjá enn þá frekari innleiðingu ungmennaráðsins inn í mál bæjarins.“

Hluti af stöðumatinu var að halda ungmennapíng 2022 en það tókst ekki eins vel og við vildum. Hittum illa á fjarverudaga í skólum og þrátt fyrir að auglýsa út um allt. En Ungmennapíngið haustið 2023 var sérstaklega vel heppnað og vakti athygli á okkur í skólum og hjá ráðamönnum. Skipulögðum það vel og í auglýstum í samstarfi við skóla. Margt sem var rætt þar urðu síðan atriði sem voru á dagskrá við stjórnendur bæjarins t.d. samgöngumál og frekari þælingar með ungmennahús.

Áttum svo fund með bæjarstjórn nk. „Bæjarstjórnarpíng unga fólksins“ með okkar framsögu og þar sem góðar ályktanir voru afgreiddar. Eftir það var settur upp vinnuhópur með okkur og ÍTG sem skilaði tillögum um ungmennahús og við höfum verið í samtali við strætó o.fl. Einnig sendum við svo ýmsum aðilum punktana frá fundinum t.d. skólanefnd varðandi skólamál, fulltrúa Garðabæjar í Strætó o.fl.

Tveir fulltrúar í ráðinu hafa verið að fylgja eftir með samskiptafulltrúa bæjarins að koma UR meira á framfæri markaðsátaki sbr. aðgerð 15 og hvernig megi nýta samfélagsmiðlana og hvað má og sú vinna er áfram í fullum gangi. Skrifaðar hafa verið blaðagreinar um ráðið í bæjarblaðið og til birtingar á heimasíðu Garðabæjar. Ungmennaráð hefur tekið þátt í hagsmunahópaverkefninu (aðgerð 16) og er byrjað að undirbúa næsta ungmennapíng haustið 2025.

Höfum einnig verið að aðstoða í aðgerðinni um barnvænt móttökurými sem verið er að leggja lokahönd á í húsnæði bæjarskrifstofunnar.

Freyja Huginsdóttir, formaður ungmennaráðs Garðabæjar
Tómas Þór Jacobsen, umsjónarmaður ungmennaráðs Garðabæjar



Mynd 35 Fulltrúi ungmennaráðs í pontu á fundi ráðsins með bæjarstjórn Garðabæjar 21. mars 2024.



Mynd 36 Ungmennaráð ásamt bæjarfulltrúum og sviðsstjórum og umsjónarmanni ungmennaráðs og umsjónarmanni BVS, á sérstökum fundi ungmennaráðs með bæjarstjórn Garðabæjar og fulltrúum nefnda 21. mars 2024

FRÉTTIR GARDABÆR

Við finnum að það er hlustað á okkur



Valdimar T. Kristófersson | 02/04/2024



Mynd 37 Frétt og mynd um ungmennaráð Garðabæjar á vef Garðapóstsins, dags. 2. apríl 2024.



Á síðasta bæjarstjórnarfundinum kom Ungmennaráð Garðabæjar til fundar, á sérstökum bæjarstjórnarfundinum unga fólksins.